

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn málvísindi

Að berja föllin augum

Tækisfall í germönskum málum

Ritgerð til B.A.-prófs í almennum málvísindum

Þórunn Arnardóttir

Kt.: 190894-2749

Leiðbeinandi: Þórhallur Eypórsson

Mai 2018

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í almennum málvísindum á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Umfjöllunarefni hennar er þróun tækisfalls í germönskum tungumálum með áherslu á vesturgermönsk mál. Lítið hefur verið skrifað um hvarf tækisfalls með tilliti til allra germanskra mála og um þá aðferð sem notuð er til að koma tækismerkingu til skila í nútímamálum. Heimildir voru skoðaðar um fornu málin til nútímamála og þannig fengin heildræn mynd af hvarfi tækisfalls í germönskum málum. Af fornum málum varðveittu aðeins vesturgermönsk mál tækisfall, en það hafði þegar fallið saman við þágufall í frumnorrænu og gotnesku. Tækisfall var varðveitt sem sjálfstætt fall allt til 14. aldar í tveimur vesturgermönskum málum, miðháþýsku og miðensku, en eftir þann tíma var fallið horfið að öllu leyti í germönskum málum. Þá var þágufall notað til að koma tækismerkingu til skila, en í germönskum málum í dag eru forsetningarliðir að mestu leyti notaðir. Því sést að merking tækisfalls hefur verið varðveitt þó svo formið hafi horfið.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	i
1. Inngangur.....	1
2. Fallakerfi germanskra tungumála.....	2
2.1 Beyging nafnorða, lýsingarorða og fornafna.....	2
2.2 Fallakerfi germanskra fornmála.....	4
3. Tækisfall í germönskum fornmálum.....	5
3.1 Fornháþýska	5
3.2 Fornaxneska.....	7
3.3 Fornenska.....	8
3.4 Samanburður	10
4. Indóevrópska málafjölskyldan	12
4.1 Indóevrópskt fallakerfi.....	12
4.2 Tækisfall í indóevrópskum málum	13
5. Merking og notkun tækisfalls.....	15
6. Þróun tækisfalls í germönskum málum.....	19
6.1 Tækisfall í vesturgermönskum málum eftir málstig fornmálanna.....	19
6.2 Þróunarmynstur tækisfalls.....	21
6.3 Tækisþágufall í vesturgermönskum nútímamálum.....	22
6.4 Tækisþágufall í norðurgermönskum nútímamálum.....	23
7. Lokaorð	27
Heimildaskrá.....	29
Viðauki	33

1. Inngangur

Tungumál heimsins eru síbreytileg og þróun er þeim eðlislæg. Líkt og aðrir þættir málsins taka föll þess breytingum og þeim getur fækkað, fjölgað eða myndir einstakra falla breyst, hvort sem þau falla saman við önnur föll eða ekki. Fallakerfi germanskra tungumála hefur tekið miklum breytingum en milli einstakra mála er mismunandi hversu víðfeðmar þessar breytingar hafa verið. Þegar einblínt er á þróun tækisfalls frá frumgermönskum tíma til dagsins í dag sést greinilegur munur á germönskum málum og varðveisla tækisfalls fylgir skiptingu germanskra mála í þrjá dótturleggi. Greinarnar þrjár kallast vesturgermönsk, austurgermönsk og norðurgermönsk mál, en tækisfall var varðveitt lengst í vesturgermönskum málum og mun lengur en í hinum greinunum tveimur, þó það sé ekki varðveitt í neinu germönsku nútímamáli. Í þessari ritgerð verður leitast við að gera grein fyrir þróun tækisfalls í germönskum málum með áherslu á vesturgermönsku málin. Farið verður yfir málstigin frá formálum til nútímamála hvað varðar varðveislu tækisfalls og notkun þágufalls í tækismerkingu.

Ritgerðin skiptist í fimm meginkafla en fyrst verður farið yfir beygingarflokka og fallakerfi germanskra mála til að hafa undirstöðuatriði á hreinu. Þá verður tækisfall skoðað í vesturgermönskum formálum, fornháþýsku, fornsaxnesku og fornensku, og málin borin saman til að fá mynd af þróun tækisfalls í þeim. Því næst verður leitað til upprunans og fallakerfi indóevrópsku frumtungunnar skoðað og lítillega dregið á deilur fræðimanna um það. Auk þess verður varðveisla tækisfalls í ýmsum indóevrópskum málum athuguð, bæði í forn- og nútímamálum, til að sjá þróun fallsins í öðrum dótturmálum frummálsins í grófum dráttum. Þá verður merking og notkun tækisfalls rannsökuð til að komast að hlutverki þess og reyna að varpa ljósi á ástæðu þess að það er ekki varðveitt í germönskum nútímamálum. Að því loknu verður fjallað um þróun tækisfalls í germönskum málum, frá málstigi „miðmálanna“, miðháþýsku, miðhollensku og miðensku, til nútímamála. Þá verður gerð grein fyrir notkun þágufalls í tækismerkingu í germönskum nútímamálum auk annarrar notkunar til að koma tækisfallsmerkingunni til skila. Að lokum verða helstu niðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman auk viðauka sem inniheldur töflur og myndir sem minnst er á í ritgerðinni.

2. Fallakerfi germanskra tungumála

Í þessum kafla verður fjallað um fallakerfi germanskra tungumála, dótturmála indóevrópska frummálsins. Fyrst verður farið yfir beygingu nafnorða, lýsingarorða, fornafna og töluorða og síðan fallakerfi tungumálanna. Germönsk mál greinast í þrjá dótturleggi, vesturgermönsk, norðurgermönsk og austurgermönsk mál, en þessa skiptingu má sjá á mynd 1 í viðauka. Til fornra vesturgermanskra mála teljast fornháþýska, fornfrísneska, fornsaxneska og fornenska en heimildir um þau eru frá 7. til 12. öld (Braune, 2004; Gallée, 1910; Campbell, 1959). Norðurgermönsk mál þróuðust úr frumnorrænu og skiptast í vestur- og austurnorræn mál, en til vesturnorrænna mála teljast forníslenska og fornorska en fornsænska og forndanska teljast til austurnorrænna tungumála. Heimildir um frumnorrænu eru frá 2. til 6. öld (Krause, 1966) en heimildir um norðurgermönsku dótturmálin eru frá 9. til 13. öld (Iversen, 1973; Noreen, 1904). Gotneska er eina austurgermanska tungumálið og heimildir um það eru frá ofanverðri 4. öld (Wright, 1924), en málið er útdautt (Prokosch, 1939).

2.1 Beyging nafnorða, lýsingarorða og fornafna

Beygingakerfi nafnorða í forngermönskum málum er flokkað eftir stofnum, en innan hvers beygingarflokks er breytileiki bæði milli málanna og innan þeirra. Stuðst er við umfjöllun Prokosch (1939) um beygingarflokka forngermanskra mála. Unnt er að endurgera beygingarflokkana fyrir frumgermönsku en þeir skiptast í sérhljóða- og samhljóðastofna. Til sérhljóðastofna teljast a-stofnar, ö-stofnar, i-stofnar og u-stofnar. A-stofnar, sem upprunalega voru o-stofnar í indóevrópsku frumtungunni, skiptast enn frekar í hreina a-stofna, ja-stofna og wa-stofna, en til þessara stofna teljast karlkyns- og hvorugkynsorð. Undir ö-stofna falla kvenkynsorð og líkt og með a-stofna skiptist flokkurinn í hreina ö-stofna, jö-stofna og wö-stofna, en upphaflega var þetta flokkur ā-stofna í indóevrópsku. Orð af öllum kynjum teljast til bæði i- og u-stofna. Tafla 2.1 í viðauka sýnir sérhljóðastofnana ásamt dæmum úr germönskum formálum um hvern flokk.

Undir samhljóðastofna falla n-stofnar, sem hafa að geyma orð af öllum kynjum, -in-stofnar, sem aðeins kvenkynsorð tilheyra, og r-stofnar, með karlkyns- og kvenkynsnafnorð. Þá má nefna s-stofna, sem þróuðust úr indóevrópskum -es/-os-stofnum og aðeins hvorugkynsorð tilheyra, rótarstofna, með karlkyns- og kvenkynsorð, og að lokum nt-stofna, sem eru orð í lýsingarhætti nútíðar notuð sem karlkyns nafnorð. Tafla 2.2 í viðauka sýnir samhljóðastofnana ásamt dæmum úr germönskum formálum um hvern flokk.

Frumgermönsku sérhljóðastofnunum er viðhaldið í formlegri beygingarfræði germönsku formálanna og má sjá þá alla fjóra í dótturmálum frumgermönsku (Campbell, 1959; Gallée, 1910; Braune, 2004; Steller, 1928; Wright, 1924; Heusler, 1921; Noreen, 1884; Noreen, 1904). Í samhljóðastofnum dótturmálanna er meira um samfall því til þeirra teljast frekar fá orð sem flest hafa tekið upp endingar stærri beygingarflokka. Samhljóðastofnar í vesturgermönsku formálunum eru þrjár til fimm talsins, en öll málin varðveita r- og nt-stofna (Braune, 2004; Gallée, 1910; Steller, 1928; Campbell, 1959). Fornhápýska hefur auk þeirra n- og s-stofna (Braune, 2004), fornsaxneska n-stofna og flokk annarra samhljóðastofna, þar sem ýmsum stofnum hefur verið steipt saman (Gallée, 1910), og fornfrísneska hefur einnig s-stofna (Steller, 1928). Fornenska hefur, auk hinna tveggja stofnanna, flokk rótarstofna, s-stofna og tannhljóðsstofna, sem er ekki talinn hafa verið sérstakur flokkur í frumgermönsku en hefur nafnorð af öllum kynjum (Campbell, 1959). Samhljóðastofnar í gotnesku eru þrjár talsins og þar eru n-, r- og nt-stofnar varðveittir (Wright, 1924). Þessir þrjár flokkar eru einnig varðveittir í forníslensku og fornsænsku auk flokks rótarstofna (Heusler, 1921; Noreen 1884 og 1904).

Beyging lýsingarorða er náskyld nafnorðabeygingu og í indóevrópsku fylgdu lýsingarorð beygingarflokkum nafnorða að öllu leyti og höfðu því sömu endingar og þau (Szemerényi, 1996). Þetta breyttist í germönsku og lýsingarorðabeyging skiptist í sterka og veika beygingu eftir setningafræðilegri stöðu orðsins. Í grófum dráttum er notkun veikrar og sterkar beygingar sú sama í germönskum nútímamálum og var í frumgermönsku. Veik beyging er notuð á eftir fornafnslýsingarorði, sérstaklega eftir ákveðnum greini, annars er sterk beyging notuð (Prokosch, 1939). Veik beyging lýsingarorða tók upp beygingu n-stofna nafnorða og sterk beyging lýsingarorða tók upp beygingu a-stofna í karlkyni og hvorugkyni og beygingu ð-stofna í kvenkyni (Prokosch, 1939). Tafla 2.3 í viðauka sýnir sterka eintölubeygingu lýsingarorðanna *blindur*, *spakur* og *góður* í germönskum formálum (Krahe, 1969: 77).

Germönsk fornafnabeyging fylgir beygingu lýsingarorða að mestu leyti, og þar með nafnorða, þó stundum hafi orðið breytingar á beygingarendingum í sumum þessara flokka sem urðu ekki í hinum (Prokosch, 1939). Fornöfn skiptast í ábendingarfornöfn, tilvísunarforöfn, spurnarfornöfn og að lokum persónufornöfn (Prokosch, 1939). Tafla 2.4 í viðauka sýnir beygingu persónufornafns fyrstu persónu í germönskum formálum (Krahe, 1969: 51). Töluorð beygjast einnig í kyni, tölu og falli en aðeins fyrstu þrjú töluorðin í öllum germönskum málum nema forníslensku eru beygjanleg, því í forníslensku er töluorðið *fidwōr* 'fjórir' einnig beygjanlegt (Prokosch, 1939). Tafla 2.5 í viðauka sýnir eintölubeygingu töluorðsins *tveir* í karlkyni (Krahe, 1969: 88).

Nafnorðabeygingu í germönskum málum er skipt niður í stofna, sem annars vegar eru sérhljóðastofnar og hins vegar samhljóðastofnar. Mismunandi er hvaða kyn nafnorða tilheyra hverjum flokki og hvaða stofnar eru varðveittir í málunum. Sterk beyging nafnorða er beyging a-stofna fyrir karlkyns- og hvorugkynsorð og beyging \bar{o} -stofna fyrir kvenkynsorð. Sterk beyging lýsingarorða og beyging fornafna fylgir þessum tveimur flokkum að mestu leyti, þó breytileiki eigi sér stað.

2.2 Fallakerfi germanskra fornmála

Fallakerfi taka breytingum líkt og aðrir þættir tungumálsins og því geta þau verið mismunandi milli einstakra tungumála. Í öllum germönskum fornmálum eru að minnsta kosti fjögur föll í eintölu og fleirtölu, nefnifall, þolfall, þágufall og eignarfall. Auk þessara falla hafði gotneska ávarpsfall í eintölu, í beygingu a-, i- og u-stofna, en í öðrum germönskum málum hafði það fallið saman við nefnifall (Krause, 1971; Krahe, 1969).

Vesturgermönsku málin fornháþýska, fornsaxneska og fornenska höfðu tækisfall í ákveðnum orð- og beygingarflokkum en það kom einungis fyrir í eintölu (Krahe, 1969). Í austur- og norðurgermönsku málunum hafði tækisfall runnið saman við þágufall (Krahe, 1969). Tafla 2.6 í viðauka sýnir beygingu orðsins *dagur*, sem er karlkynsorð af hreinum a-stofni, í germönsku fornmálunum (Krahe, 1969: 9). Þar sést mismunandi staða ávarpsfalls í gotnesku miðað við hin tungumálin og að það fall var einungis til í eintölu. Þá sjást einnig tækisfallsmyndir vesturgermönsku málanna sem komu aðeins fyrir í eintölu og voru ekki varðveittar í hinum germönsku tungumálunum. Mismunandi var eftir vesturgermönsku málunum í hvaða orðflokkum og beygingarformdeildum tækisfall var varðveitt, en um það er fjallað í næsta kafla.

3. Tækisfall í germönskum fornmálum

Í þessum kafla verður fjallað um tækisfall í germönskum málum, en varðveisla þess hjá vesturgermönskum málum skapar þeim sérstöðu. Farið verður yfir í hvaða orðflokkum og beygingarformdeildum það kom fyrir í fornháþýsku, fornsaxnesku og fornensku, og að lokum eru málin þrjú borin saman hvað varðar stöðu tækisfalls í þeim.

Eins og fyrr segir er tækisfall hvorki varðveitt í norðurgermönskum né austurgermönskum málum, en í gotnesku finnast leifar tækisfalls í samtengingum, atviksorðum og einu spurnarfornafni. Þannig sést gömul hvorugkynsmynd tækisfalls í samtengingunni *bipē* ‘á meðan’, í atviksorðinu *bipēh* ‘eftir það’ og spurnarorðinu *hvē* ‘hvernig’ (Wright, 1924). Þessir orðflokkar tilheyra allir lokuðum flokki kerfisorða sem tekur litlum breytingum og því er líklegt að eldri myndir séu varðveittar þar (Höskuldur Þráinsson, 1990). Óvíst er hvort frumnorræna hafi varðveitt sjálfstætt tækisfall en rúnaáletranir sýna ekkert eitt fall sem var setningafræðilega notað sem tækisfall. Líklega hefur tækisfallið þegar runnið saman við þágufall á því málstigi (Krause, 1971; Nygaard, 1905), en nánar er fjallað um tækisfall í frumnorrænu í kafla 6.4. Í öllum vesturgermönskum fornmálum nema einu er tækisfall varðveitt, en það er í fornfrísnesku (Steller, 1928). Fornháþýska, fornsaxneska og fornenska varðveita öll fallið en þó að mismiklu leyti. Þau eiga það sameiginlegt að tækisfall er horfið úr fleirtölu í öllum orð- og beygingarflokkum (Krahe, 1969; Braune, 2004; Gallée, 1910; Campbell, 1959).

Þegar litið er á aldur germönsku tungumálagreinanna þriggja, vestur-, norður- og austurgermönsku, kemur á óvart að tækisfall hafi einungis verið varðveitt í vesturgermönskum málum, sem eru í heimildum frá 7. til 12. öld (Braune, 2004; Gallée, 1910; Campbell, 1959). Tækisfall var hvorki virkt í gotnesku, sem er frá 4. öld (Wright, 1924), né frumnorrænu, sem er frá 2. til 6. öld (Krause, 1966). Að því leyti hafa vesturgermönsku málin verið íhaldssöm en hinar málafjölskyldurnar verið framsæknar.

3.1 Fornháþýska

Í fornháþýsku er tækisfall varðveitt í beygingu nafnorða, lýsingarorða, töluorða og fornafna. Í þessum undirkafla er stuðst við umfjöllun Braune (2004) um fornháþýsku. Tækisfall er einungis í sterkri nafnorðabeygingu og aðeins í eintölu en finnst þó í öllum kynjum. Í beygingu hreinna a- og ja-stofna er tækisfall í bæði karlkyni og hvorugkyni, en í beygingu ð-stofna hafa ekki fundist merki um tækisfall. Dæmi um karlkynsorð af a-stofni er *tag* ‘dagur’ sem í tækisfalli hefur myndina *tagu* eða *tago* og dæmi um hvorugkynsorð af ja-stofni er *kunni* ‘kyn’ sem hefur

myndina *kunniu* í tækisfalli. Í i-stofna beygingu er tækisfall í báðum kynjum, karlkyni og kvenkyni, t.d. í karlkynsorðinu *gast*, tækisfall *gastiu* ‘gestur’. Í beygingu u-stofna er einnig tækisfall, í karlkyni, kvenkyni og mögulega hvorugkyni, en aðeins eitt hvorugkynsorð telst til þessa flokks, *fihu* ‘fé’. Ekki er víst hvort tækisfallið standi sér í beygingu þessa orðs eða hvort það hafi verið fallið saman við þágufall á þessu málstigi. Dæmi um orð af u-stofni er karlkynsorðið *situ* ‘siður’ sem verður *sitiu* eða *situ* í tækisfalli. Aðeins einn undirflokkur samhljóðastofna hefur tækisfall, s-stofnar, en það er vegna þess að beyging þeirra nafnorða fylgir ýmist beygingu a-stofna, sem varðveita tækisfall í karlkyni og hvorugkyni, eða u-stofna, sem varðveita tækisfall í öllum kynjum. Tafla 3.1 í viðauka sýnir eintölubeygingu fjögurra nafnorða af a-, ja-, i- og u-stofni, sem varðveita allir tækisfall (Braune, 2004: 184, 189, 201, 205).

Lýsingarorðabeyging í fornháþýsku fylgir sterkri og veikri beygingu nafnorða. Sterk lýsingarorðabeyging fylgir beygingu a-, ja- og ð-stofna nafnorða og þar af leiðandi er tækisfall í karlkyni og hvorugkyni en ekki í kvenkyni. Þannig hefur lýsingarorðið *blint* ‘blindur’ myndina *blintu* eða *blinto* í karlkyni og hvorugkyni eintölu en enga mynd í kvenkyni. Veik beyging lýsingarorða hefur ekki tækisfall en lýsingarháttur nútíðar fylgir beygingu ja- og jð-stofna nafnorða þegar kemur að sterkri beygingu og hefur því líkt og áður tækisfall í karlkyni og hvorugkyni en ekki kvenkyni. Sterk beyging lýsingarorðsins *blint* í eintölu þriggja kynja sést í töflu 3.2 í viðauka (Braune, 2004: 220). Af þeim þremur töluorðum sem taka fallbeygingu er tækisfall aðeins varðveitt í beygingu orðsins *ein* ‘einn’. Beyging töluorðsins fylgir sterkri lýsingarorðabeygingu og hefur því tækisfall í karlkyni og hvorugkyni eintölu með myndina *einu* eða *eino*.

Þegar kemur að fornöfnum hafa þrjú fornháþýskir flokkar tækisfall, eignarfornöfn, ábendingarfornöfn og spurnarfornöfn. Eignarfornöfn fylgja sterkri beygingu lýsingarorða og þar af leiðandi a- og ð-stofnum nafnorða, sem veldur því að tækisfall er varðveitt í karlkyni og hvorugkyni eintölu. Eignarfornafnið *mīn* ‘minn’ hefur því myndina *mīnu* eða *mīno* í tækisfalli karlkyns og hvorugkyns, *dīn* ‘þinn’ hefur tækisfallsmyndina *dīnu* eða *dīno* og *sīn* ‘sinn’ hefur myndina *sīnu* eða *sīno*. Ábendingarfornafnið *dēr* ‘sá’, sem seinna varð að ákveðnum greini, varðveitir tækisfall í karlkyni og hvorugkyni eintölu með myndina *diu* fyrir bæði kyn. Tafla 3.3 í viðauka sýnir eintölubeygingu ábendingarfornafnsins *dēr* í þremur kynjum (Braune, 2004: 247). Samsetta ábendingarfornafnið *dēse* ‘þessi’ varðveitir einnig tækisfall en aðeins í hvorugkyni, með myndina *dēsiu* eða *dēsu*. Tafla 3.4 í viðauka sýnir eintölubeygingu samsetta ábendingarfornafnsins (Braune, 2004: 250). Spurnarfornafnið *hwēr* eða *wēr*, ‘hver’, tekur

aðeins karlkyns- og hvorugkynsbeygingu en tækisfall er einungis varðveitt í hvorugkyni og hefur þá myndina *hwíu* eða *wíu*.

Tækisfall finnst í beygingu fjögurra fornháþýskra orðflokka, nafnorða, lýsingarorða, töluorða og fornafna, en aðeins í eintölu. Það finnst í öllum kynjum nafnorða en einungis sterkri beygingu karlkyns- og hvorugkyns lýsingarorða og beygingu töluorðsins *ein* ‘einn’ í karlkyni og hvorugkyni. Fallið er varðveitt í beygingu eignarfornafna, ábendingarfornafna og spurnarfornafna af karlkyni og hvorugkyni. Að öðru leyti finnst tækisfall ekki í beygingakerfi fornháþýsku en í kafla 6.1 er fjallað um tækisfall í málstiginu sem á eftir kom, miðháþýsku.

3.2 Fornsaxneska

Tækisfall er varðveitt í færri fornsaxneskum beygingarflokkum en fornháþýskum þó það sjáist í sömu orðflokki og í fornháþýsku, í nafnorðum, lýsingarorðum, einu töluorði og fornöfnum. Hér verður stuðst við umfjöllun Gallée (1910) um fornsaxnesku. Í nafnorðabeygingu sést tækisfall í hreinum a-stofnum, ja- og i-stofnum. Aðeins karlkyns- og hvorugkynsorð tilheyra a- og ja-stofnum og fallið er varðveitt í þeim báðum en einungis í eintölu. Hvorugkynsorðið *word* ‘orð’ er af hreinum a-stofni og hefur myndina *wordu* í tækisfalli, en karlkynsorðið *hirði* ‘hirðir’ er af ja-stofni og hefur myndina *hirdiu* eða *hirdie* í tækisfalli. Í fornsaxneskum i-stofnum er tækisfall til í öllum kynjum sem hafa stutt atkvæði, t.d. í karlkynsorðinu *hugi* ‘hugur’ sem í tækisfalli verður *hugi* eða *hugi*, en af þeim flokkum sem hafa langt atkvæði kemur það einungis fyrir í kvenkynsorðum. Þannig hefur kvenkynsorðið *anst* ‘ást’, sem hefur langt atkvæði, myndina *anstu* eða *ansto* í tækisfalli. Þetta er eina dæmið meðal vesturgermanskra forn mála um að tækisfall sé aðeins varðveitt í kvenkynsbeygingu ákveðins undirflokks. Tafla 3.5 í viðauka sýnir eintölubeygingu þriggja nafnorða sem tilheyra hvert um sig beygingarflokki sem varðveitir tækisfall, a-, ja- og i-stofni (Gallée, 1910: 195, 200, 210).

Svipaða sögu er að segja um fornsaxnesk lýsingarorð og þau fornháþýsku. Sterka beygingin fylgir nafnorðabeygingu a-, ja- og *ō*-stofna og hefur því tækisfall í karlkyni og hvorugkyni en ekki í kvenkyni. Lýsingarorðið *gōd* ‘góður’ er hreinn a-stofn og hefur tækisfallsmyndina *gōdu* í bæði karlkyni og hvorugkyni eintölu og lýsingarorðið *blīthi* ‘blíður’ er af ja-stofni og hefur myndina *blīthiu* eða *blīthu* í tækisfalli karlkyns og hvorugkyns. Hvorki veik beyging lýsingarorða né beyging lýsingarháttis nútíðar hefur tækisfall. Tafla 3.6 í viðauka sýnir sterka beygingu lýsingarorðsins *gōd* í eintölu þriggja kynja (Braune, 2004: 221). Töluorðið *ēn* ‘einn’ fylgir sterkri beygingu lýsingarorða líkt og í fornháþýsku og hefur því

tækisfall í karlkyni og hvorugkyni eintölu, með myndina *ēnu*. Að öðru leyti varðveita beygjanleg töluorð ekki tækisfall.

Sömu fornsaxnesku fornafnaflokkar varðveita tækisfall og í fornháþýsku, þ.e. eignarfornöfn, ábendingarfornöfn og spurnarfornöfn. Eignarfornöfn fylgja sterkri lýsingarorðabeygingu, þar af leiðandi beygingu a- og *ō*-stofna nafnorða, og hafa því tækisfall í karlkyni og hvorugkyni eintölu. Fornafnið *mīn* ‘minn’ hefur tækisfallsmyndina *mīnu*, *thīn* ‘þinn’ verður *thīnu* í tækisfalli og *sīn* ‘sinn’ verður *sīnu*. Ábendingarfornafnið *the* ‘sá’ hefur tækisfall í öllum kynjum eintölu og verður *thiu* í tækisfalli karlkyns og hvorugkyns og *thia* eða *thea* í tækisfalli kvenkyns. Tafla 3.7 í viðauka sýnir eintölubeygingu ábendingarfornafnsins *the* (Gallée, 1910: 238). Samsett ábendingarfornafn, *thius* ‘þessi’, varðveitir einnig tækisfall en einungis í hvorugkyni eintölu, með myndina *thius*. Spurnarfornafnið *hwē* ‘hver’ er einungis til í karlkyni og hvorugkyni og tækisfall kemur fyrir í báðum kynjum eintölu með myndirnar *hwiu*, *hweo* eða *hwi* fyrir bæði kyn. Í beygingu spurnarfornafnsins *hwilc* ‘hvor’ er aðeins tækisfall í karlkyni eintölu, en fornafníð finnst í öllum þremur kynjum.

Í fornsaxnesku er tækisfall varðveitt í eintölubeygingu fjögurra orðflokka, nafnorða, lýsingarorða, töluorða og fornafna. Það finnst í beygingu nafnorða af öllum kynjum en aðeins í sterkri beygingu lýsingarorða í karlkyni og hvorugkyni. Fallið er varðveitt í karlkyns- og hvorugkynsbeygingu töluorðsins *ēn* ‘einn’ og kemur fyrir í beygingu eignarfornafna, ábendingarfornafna og spurnarfornafna af öllum kynjum. Í kafla 6.1 er fjallað um afdrif tækisfalls í miðhollensku, sem fylgdi fornsaxnesku málstigi.

3.3 Fornenska

Í fornensku er að finna tækisfall en það er einungis varðveitt í beygingu lýsingarorða, eins töluorðs og fornafna, þó leifar af fallinu finnist í nafnorðabeygingu. Líkt og í fornháþýsku og fornsaxnesku er það aðeins til í eintölu. Í þessum undirkafla er stuðst við rit Campbell (1959) um fornensku. Í elstu textum má finna leifar af tækisfalli í eintölubeygingu nafnorða en aðeins í beygingu hreinna a- og *ō*-stofna í einstaka dæmum. Orð af öllum kynjum tilheyra þessum flokkum og gátu því komið fyrir í tækisfalli, sem hafði beygingarendinguna *-i* eða *-e* í öllum kynjum. Athygli vekur að þessar myndir eru einu dæmin um tækisfall í beygingu *ō*-stofna nafnorða, sem einungis kvenkynsorð tilheyra.

Tækisfall er mun betur varðveitt í beygingu fornenskra lýsingarorða en nafnorða, en aðeins í sterkri beygingu líkt og í hinum vesturgermönsku málunum. Fallið er varðveitt í beygingu allra undirflokka a-stofna, a-, ja- og wa-stofna, t.d. í orðinu *blind* ‘blindur’ sem verður

blinde í tækisfalli karlkyns og hvorugkyns eintölu. Tafla 3.8 í viðauka sýnir sterka eintölubeygingu lýsingarorðsins *gearu*, ‘tilbúinn’, sem beygist samkvæmt wa- og wō-stofnum (Campbell, 1959: 270). Tækisfall er einnig að finna í beygingu i-stofna lýsingarorða, sem fylgja beygingu ja- og jō-stofna, og u-stofna, sem fylgja beygingu a- og ō-stofna að mestu leyti. Þar af leiðandi sést tækisfall aðeins í beygingu karlkyns- og hvorugkynsorða og er horfið að öllu leyti í beygingu kvenkyns lýsingarorða. Þessi varðveisla tækisfalls í beygingu lýsingarorða er athugaverð þegar miðað er við stöðu fallsins í beygingu nafnorða. Útbreiðsla tækisfalls í fornenskri lýsingarorðabeygingu gæti varpað ljósi á þróun tækisfalls í nafnorðabeygingu, að fallið hafi haldist lengst í sterkri beygingu karlkyns- og hvorugkynsorða, en það samræmist stöðu fallsins í hinum vesturgermönsku málunum. Líkt og í hinum tveimur vesturgermönsku málunum er tækisfall aðeins varðveitt í beygingu töluorðsins *ān* ‘einn’, sem fylgir beygingu sterkra lýsingarorða og hefur því myndina *āne* í karlkyni og hvorugkyni eintölu.

Tækisfall sést í beygingu eignarfornafna í fornensku auk leifa af tækisfalli í beygingu ábendingarfornafna og spurnarfornafna. Eignarfornöfn fylgja sterkri beygingu lýsingarorða, beygingu a- og ō-stofna, og hafa því tækisfall í karlkyni og hvorugkyni. Fornafnið *mīn* ‘minn’ hefur myndina *mīne* í tækisfalli karlkyns og hvorugkyns, *þīn* ‘þinn’ myndina *þīne* í tækisfalli og *ūre* ‘okkar’ hefur sömu mynd í nefnifalli og tækisfalli. Í beygingu ábendingarfornafna og spurnarfornafna eru leifar af tækisfalli í karlkyns- og hvorugkynsbeygingu ábendingarfornafna og samkyni og hvorugkyni spurnarfornafna. Ábendingarfornafnið *se* ‘sá’ hefur myndina *þý* eða *þon* í tækisfalli karlkyns og hvorugkyns eintölu og *þýs* er tækisfallsmynd karlkyns og hvorugkyns af samsetta ábendingarfornafninu *þes* ‘þessi’. Tafla 3.9 í viðauka sýnir eintölubeygingu ábendingarfornafnsins *se* (Campbell, 1959: 290). Í beygingu spurnarfornafnsins *hwa*, ‘hver’, höfðu karlkyn og kvenkyn runnið saman og tækisfall verið varðveitt í bæði samkyni og hvorugkyni með myndina *hwý*. Eintölubeyging spurnarfornafnsins sést í töflu 3.10 í viðauka (Campbell, 1959: 292). Þótt myndirnar í beygingu ábendingarfornafna og spurnarfornafna séu flokkaðar sem tækisfall telur Campbell að flokkun þeirra varpi hvorki ljósi á uppruna þeirra né ríkjandi notkun, án þess að sýna dæmi til stuðnings. Hann telur því að fallið hafi að öllum líkindum ekki verið virkt í þessum orðflokkum í fornensku.

Tækisfall var varðveitt í þremur orðflokkum í fornensku, í eintölubeygingu lýsingarorða, töluorða og fornafna. Það finnst aðeins í sterkri karlkyns- og hvorugkynsbeygingu lýsingarorða og beygingu töluorðsins *ān* ‘einn’ í karlkyni og hvorugkyni. Fallið sést einnig í beygingu karlkyns- og hvorugkyns eignarfornafna auk leifa í beygingu

ábendingarfornafna og spurnarfornafna. Fjallað er um tækisfall á næsta málstigi, miðensku, í kafla 6.1 en í næsta undirkafla verða fornmálin þrjú borin saman.

3.4 Samanburður

Til að fá heildræna mynd af varðveislunni tækisfalls er gagnlegt að bera vesturgermönsku tungumálin þrjú saman og sjá að hvaða leyti er haldið í fallið og að hvaða leyti það hverfur. Mismunandi varðveisla tækisfalls í tungumálunum þremur gæti endurspeglad þróun þeirra. Heimildir um fornháþýsku eru frá 7. til 11. öld (Braune, 2004) og hún varðveitir tækisfall í flestum orð- og beygingarflokkum. Fornaxneskar heimildir eru frá 9. til 12. öld (Gallée, 1910) og fornenskar frá 8. til 12. öld (Campbell, 1959). Það sést því að fornháþýskar heimildir eru eldri en heimildir hinna tveggja tungumálanna sem gæti útskýrt meiri varðveislunni tækisfalls. Sú staðreynd samræmist þeirri skoðun að ríkara fallakerfi í germönskum málum sé upprunalegra og endurspegli betur stöðuna eins og hún var í frumindóevrópsku (Brugmann, 1911; Szemerényi, 1996), eins og nánar verður fjallað um í 4. kafla.

Þeir beygingarflokkar og undirflokkar fornafna sem varðveita tækisfall í vesturgermönskum málum eru sýndir í töflu 3.11 í viðauka. Í fornháþýsku er tækisfall í nafnorðabeygingu varðveitt í fleiri beygingarflokkum en í fornaxnesku en það er horfið í fornensku. Bæði fornháþýska og fornaxneska varðveita frekar tækisfall í þeim flokkum nafnorða sem aðeins karlkyns- og hvorugkynsorð tilheyra, sérstaklega í a-stofnum sem telst vera sterk beyging, þó flokkar með kvenkynsorðum hafi enn tækisfall. Það vekur athygli að ekkert tungumálanna varðveitir tækisfall í beygingu ð-stofna, sem er eini beygingarflokkurinn sem aðeins kvenkynsorð tilheyra (Prokosch, 1939). Ef litið er á lýsingarorðabeygingu sést tækisfall í mun fleiri beygingarflokkum fornensku en fornháþýsku eða fornaxnesku, sem er athyglisvert því það er eina tungumálið sem hefur ekki tækisfall í nafnorðabeygingu. Það sést í sterkri beygingu karlkyns- og hvorugkynsorða og öll tungumálin eiga það sameiginlegt að kvenkynsbeyging lýsingarorða varðveitir ekki tækisfall. Tækisfall sést í beygingu sama töluorðsins í öllum fornmálunum, beygingu orðsins ‘einn’, en enn og aftur er það ekki varðveitt í kvenkynsbeygingunni.

Tækisfall er varðveitt í beygingu þriggja fornafnaflokka í fornháþýsku og fornaxnesku, eignarfornafna, ábendingarfornafna og spurnarfornafna, en einungis í flokki fornenskra eignarfornafna. Í beygingu fornenskra ábendingarfornafna og spurnarfornafna finnast þó enn leifar af tækisfalli. Fallið kemur einungis fyrir í karlkyns- og hvorugkynsbeygingu, nema í fornaxneskum ábendingarfornöfnum, þar sem það er í öllum

kynjum. Af þessu sést að tækisfall var fyrst til að hverfa í beygingu kvenkynsorða af ýmsum flokkum, enda er það talið markaðasta kynið. Markaðar formdeildir verða frekar fyrir breytingum en ómarkaðar, þ.e. kvenkyn hefur þrengra notkunarsvið þannig að það er líklegra til að verða fyrir málbreytingum eða hverfa úr málinu (Eiríkur Rögnvaldsson, 2013). Á sama hátt er fleirtala mörkuð gagnvart eintölu og verður frekar fyrir breytingum (Eiríkur Rögnvaldsson, 2013), enda var tækisfall horfið úr fleirtölu að öllu leyti. Í kafla 6.2 er frekari umfjöllun um ástæður fyrir hvarfi tækisfalls í ákveðnum orðflokkum og samfalli við tiltekið fall.

4. Indóevrópska málafjölskyldan

Í þessum kafla verður fjallað um indóevrópska frummálið og dótturmál þess. Farið verður yfir fallakerfi frumtungunnar og snert á mismunandi hugmyndum um það. Síðan verður gerð grein fyrir skiptingu indóevrópskra dótturmála og staða tækisfalls í þeim málum rannsökuð til að freista þess að greina heildrænt þróunarmynstur fallsins.

4.1 Indóevrópskt fallakerfi

Fjöldi falla í indóevrópskum dótturmálum er mismunandi, en talið er að fallakerfi frummálsins hafi verið ríkulegra en raunin er í flestum nútímadótturmálum. Engar heimildir eru um indóevrópsku frumtunguna og hún er því að öllu leyti endurgerð, sem veldur því að ekki er víst hversu mörg föll tungumálið hafði. Almenn er talið að nafnorð í indóevrópsku frumtungunni hafi haft átta föll: nefnifall, ávarpsfall (lat. vocativus), þolfall, þágufall, tækisfall (lat. instrumentalis), eignarfall, sviptifall (lat. ablativus) og staðarfall (lat. locativus) (Brugmann, 1911; Szemerényi, 1996; Fortson, 2004). Ástæða þess að talið er að frumtungan hafi búið yfir svo mörgum föllum er sú að sum indóevrópsku dótturmálanna búa eða bjuggu yfir jafn ríkulegu fallakerfi, og önnur dótturmál sem varðveita færri föll höfðu fyrr á tíðum fleiri (Szemerényi, 1996). Almenn er gert ráð fyrir að samföll í dótturmálunum hafi leitt til einföldunar fallakerfisins en aðrir líta svo á að indóevrópska frumtungan hafi búið yfir fimm föllum og að sundrung hafi valdið fleiri föllum í sumum dótturmálanna (Adrados, Bernabé og Mendoza, 2016). Upprunalegt fallakerfi, sem líklega hefur átta föll, er best varðveitt í satemmálum og þá helst í fornindversku (Szemerényi, 1996).

Talið er að indóevrópsk nafnorð og lýsingarorð hafi beygst í þremur tölum, eintölu, fleirtölu og tvítölu, og að málfræðileg kyn hafi verið þrjú, karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn (Brugmann, 1911; Szemerényi, 1996; Fortson, 2004). Lýsingarorðabeyging fylgdi beygingu nafnorða að öllu leyti og það eina sem skildi þessa tvo orðflokka að var að lýsingarorð gátu beygst eftir kyni sem nafnorð gátu gert að litlu leyti (Szemerényi, 1996). Þá gátu lýsingarorð ekki beygst sterkt eða veikt, líkt og seinna varð í germönskum málum (Szemerényi, 1996). Myndir nafnorða voru þó ekki alltaf mismunandi eftir kyni, tölu og falli og raunar eru öll föllin einungis aðskilin í eintölubeygingu o-stofna (Szemerényi, 1996), sem í germönsku málunum urðu að a-stofnum. Indóevrópsk fornafnabeyging fylgdi ekki nafnorða- og lýsingarorðabeygingu en gat líkst henni í sumum tilfellum. Talið er að ávarpsfall hafi ekki verið sjálfstætt fall í beygingu þeirra og að föllin hafi því verið sjö talsins (Szemerényi, 1996). Tafla 4.1 í viðauka sýnir beygingu orðsins *úlfur* í ýmsum dótturmálum indóevrópsku, en nafnorðið

er karlkyns o-stofna. Föll og tölur sem koma fram í töflunni endurspeglar fallakerfi frumtungunnar (Szemerényi, 1996: 183).

4.2 Tækisfall í indóevrópskum málum

Þegar kemur að forsögu tækisfallsins má líta á þróun þess í öðrum indóevrópskum málum en germönsku. Indóevrópska málafræðingurinn skiptist í grísk mál, ítalsk, keltnesk, germönsk, anatólísk og tokkarísku. Einnig í indó-írönsk, armensk, baltó-slavnesk og albönsk mál (Adrados, Bernabé, Mendoza, 2010). Aldur tungumálanna er mismunandi og sum þeirra hafa engan nútímaafkomanda. Myndir (2) og (3) í viðauka sýna þessa skiptingu indóevrópskra mála ásamt dæmum um dótturmál. Til hægðarauka er þeim skipt í centum- og satemmál en sú skipting ræðst af hljóðkerfislegum ástæðum.

Vegna mikils fjölda heimilda er hittíska mikilvægasta anatólíska málið og því er gagnlegt að skoða stöðu tækisfalls í því tungumáli. Á eldra stigi hittísku, sem er í heimildum frá 17. til miðrar 14. aldar, eru níu föll og er tækisfall eitt þeirra (van den Hout, 2011; Woodard, 2008). Yngstu heimildir um anatólísk mál eru frá fyrsta árpúsundi fyrir Krist en í þeim málum sem nægar heimildir eru um er tækisfall ekki lengur sjálfstætt fall (Woodard, 2008).

Sanskrit, avestíska og fornpersneska teljast öll til indó-íranskra mála og eiga það sameiginlegt að varðveita tækisfall auk hinna sjö fallanna sem talin eru hafa verið í indóevrópsku frumtungunni (Whitney, 1931; Schmitt, 2000; Hudson-Williams, 1936). Í sanskrít og avestísku er staða tækisfallsins sterk og notkun þess er margbreytileg en í fornpersnesku fellur það gjarnan saman við sviptifall eða staðarfall, líkt og algengt var í öðrum tungumálum. Þessi þrjú tungumál eru frá 7. til 3. öld fyrir Krist og kemur því ekki á óvart að þau skuli varðveita tækisfallið. Þegar litið er á nútímamál sem teljast til indó-íranskra mála sést að tækisfall er ekki varðveitt. Hindí telst til indverskra mála og telst vera með þrjú föll, en tækisfall er ekki eitt þeirra (Spencer, 2005), þó Greaves (1921) telji að tækisfall komi fram þegar ákveðinni eftirsetningu er bætt við nafnorð. Í persnesku, sem telst til íranskra mála, eru engin föll varðveitt (Elwell-Sutton, 1952).

Í tokkarísku, sem er í heimildum frá 6. til 8. öld eftir Krist, telja menn vera merki um tækisfall. Málið skiptist í tvær mállýskur, A og B, en í mállýsku A er talið að ákveðin eftirsetning sem bætt var aftan við nafnorð sé tækisfallsmynd orðsins, á sama hátt og er í Hindí (Krause og Thomas, 1960; Spencer, 2005; Greaves, 1921). Í mállýsku B er hvorki tækisfall né eftirsetning sem myndar tækisfall (Krause og Thomas, 1960). Í grískum og ítalskum málum er tækisfall ekki til staðar, hvorki í forn- né nútímamálum. Í forngrísku voru fimm föll en þar

hafði tækisfall fallið saman við þágufall (Goodwin, 1958) og í latínu var tækisfall hluti af sviptifalli (Kristinn Ármannsson, 2009; Hale og Buck, 1994). Líkt og áður hefur komið fram var tækisfall varðveitt í sumum germanskra mála, þeim vesturgermönsku, en ekkert germanskra nútímamála varðveitir fallið (Paul, 1968a; Schönfeld, 1924; Wright og Wright, 1934; Thorell, 1973; Christensen og Christensen, 2014; Faarlund, 1992; Nygaard, 1905). Af keltenskum málum er írski það mikilvægasta vegna mikils fjölda heimilda (Adrados, Bernabé, Mendoza, 2010), en bæði í forn- og nútímaírsku hefur tækisfall runnið saman við þágufall (Lewis og Pedersen, 1937).

Í klassískri armensku, sem er varðveitt í heimildum frá 5. öld eftir Krist, er tækisfall varðveitt sem og í nútímaarmensku (Jensen, 1959; Pisowicz, 2013). Hvorki nútímaalbanska né eldri mynd hennar hefur varðveitt tækisfall, en elstu varðveittu textar á því máli eru frá 15. öld eftir Krist svo ekki er vitað hversu snemma tækisfall féll úr málinu (Adrados, Bernabé, Mendoza, 2010; Mann, 1932). Baltesk og slavnesk mál varðveita tækisfallið best af indóevrópskum nútímamálum. Elstu heimildir um baltesk mál eru frá miðri 16. öld og þar eru sjö föll, þar með talið tækisfall (Stang, 1966). Lettneska og litháíska teljast til baltneskra mála og bæði málin varðveita tækisfall (Ambrazas, 1997; Kalnača, 2014). Fornbúlgarska, einnig þekkt sem fornkirkjuslavneska, er elsta slavneska málið, frá 12. öld eftir Krist, og þar er tækisfall varðveitt (Aitzetmüller, 1991). Slavnesk nútímamál skiptast í suður-, vestur- og austurslavnesk mál. Búlgarska er aðalfulltrúi suðurslavneskra mála en þar er tækisfall ekki lengur sjálfstætt fall líkt og var í forn búlgörsku (Leafgren, 2011). Tékkneska og pólska teljast til vesturslavneskra mála og í báðum tungumálum er tækisfall varðveitt (Heim, 1982; Grochowski, 1986) og það sama má segja um rússnesku, sem er aðalfulltrúi austurslavneskra mála (Unbegaun, 1957; Adrados, Bernabé, Mendoza, 2010).

Eins og áður segir er almennt talið að indóevrópskt fallakerfi hafi haft átta föll, þar með talið tækisfall, en af ofanverðri umfjöllun sést að varðveisla tækisfalls er mismikil meðal indóevrópsku dótturmálanna. Einu nútímamálin sem varðveita fallið eru armenska og mál sem tilheyra baltó-slavneskum málum þó ekki öll baltó-slavnesk dótturmál hafi tækisfall. Forn- og nútímamálin eiga það sameiginlegt að varðveita svipaða merkingu tækisfalls þó hún geti verið margvísleg, en um merkingu og notkun fallsins er fjallað í næsta kafla.

5. Merking og notkun tækisfalls

Í þessum kafla verður farið yfir merkingu og notkun tækisfalls, bæði í fornum og í nútímamálum og dæmi um hverja notkun skoðuð. Merking og notkun tækisfalls hefur verið margvísleg gegnum tíðina og mismunandi er eftir tungumálum hvaða merking er notuð. Tækisfall er hið upprunalega *með*-fall (Whitney, 1931) og var notað á sama hátt og forsetningin *með* ásamt andlögum hennar er notuð í nútímaíslensku.

Í flestum tungumálum sem hafa eða höfðu tækisfall var það notað til að tákna áhald eða tæki, en það telst vera grundvallarmerking fallsins. Dæmi um tungumál sem höfðu eða hafa þessa merkingu eru sanskrít (Whitney, 1931), hittíska (Sturtevant, 1933), fornbúlgarska (Aitzetmüller, 1991), rússneska (Unbegaun, 1957), úkraínska (Pugh og Press, 1999) og pólska (Grochowski, 1986). Tækisfall getur þannig verið notað til að tákna vopn sem notað er til að drepa einhvern eða verkfæri sem er notað á annan hátt. Fyrri notkunin sést í sanskrítsetningunni í dæmi (1) (Whitney, 1931) en sú seinni sést í pólsku setningunni í dæmi (2) (Grochowski, 1986). Áhaldið eða verkfærið þarf ekki að vera áþreifanlegt, líkt og sést í úkraínsku setningunni í dæmi (3) (Pugh og Press, 1999). Orðin í tækisfalli eru feitletruð í eftirfarandi dæmum sem og öðrum í þessum kafla.

- (1) *śastreṇa nidhanam* ‘dauði með sverði’
- (2) *Jan łowi motyle siatką* ‘Jan veiðir fiðrildi með neti’
- (3) ранки покривають усє **рянніми** та **холодними рóсами** (ránky pokryvájut’ use **rjasnýmy** ta **holódnymy rósamy**) ‘morgnarnir hylja allt með þykkri og kaldri döggi’

Önnur algeng notkun tækisfalls er til að tákna geranda í þolmyndarsetningum. Í þeirri merkingu er gerandinn orðinn sá sem fremur verknæð beint og milliliðnum, áhaldinu, er sleppt. Þessi notkun var t.d. í sanskrít (Whitney, 1931) og er við lýði í rússnesku og úkraínsku í dag (Unbegaun, 1957; Pugh og Press, 1999). Dæmi um þessa notkun sést í úkraínsku setningunni í dæmi (4) (Pugh og Press, 1999) og í dæmi (5) sést hún í sanskrít auk annarrar notkunar tækisfalls (Whitney, 1931).

- (4) стаття, написана **профэсаром** (stattjá, napýsana **profésorom**) ‘grein skrifuð af prófessorum’
- (5) *kecit padbhyām hatā gajāih* ‘sumir voru drepnir af filunum með fótum þeirra’

Í dæmi (5) sést gerandanotkun tækisfalls í orðinu *gajāih* sem merkir ‘af filunum’. Annars konar tækisfall sést í orðinu *padbhyām* sem þýðir ‘með fótum’ og þar er notkun tækisfalls mitt á milli þess að merkja áhald og hátt (Whitney, 1931). Þar er önnur notkun tækisfalls ljós, háttarmerking.

Tækisfall er og var notað til að tákna aðferð eða hátt, þ.e. sú aðferð sem notuð er til að fremja verknað. Sú merking er algeng og sést m.a. í sanskrít (Whitney, 1931), hittísku (Sturtevant, 1933) og rússnesku (Borras og Christian, 1971). Dæmi (6) sýnir þessa notkun í rússnesku (Borras og Christian, 1971).

(6) спать **крéпким сном** (spat’ **krépkim snom**) ‘að sofa værum svefni’

Í dæmi (6) merkir **крéпким сном** ‘værum svefni’ og vísar til þess á hvaða hátt er sofð, nefnilega vært (Borras og Christian, 1971). Í úkraínsku er þessi merking einnig notuð til að líkja einum hlut við annan og sést í setningunni í dæmi (7) (Pugh og Press, 1999). Í sanskrít gat merking tækisfalls einnig náð yfir verð hlutar til að merkja með hvaða hætti er hægt að fá eitthvað, en dæmi um þessa notkun sést í (8).

(7) лётити **стрилóю** (létiny **strilóju**) ‘að fljúga eins og ör’

(8) **daśábhiḥ** *krīṇāti* **dhenúbhiḥ** ‘hann kaupir með 10 kúm’

Þá má einnig nota tækisfall til að tákna samfylgd, að einhver eða eitthvað fylgi einhverju, líkt og táknað er með forsetningunni *með* í íslensku. Þessi notkun fallsins var viðvarandi í sanskrít, hittísku og fornbúlgörsku (Whitney, 1931; Sturtevant, 1933; Aitzetmüller, 1991) og sést í sanskrítsetningunni í dæmi (9) (Whitney, 1931).

(9) *agnir* **devébhīr ā gamat** ‘megi Agni koma hingað með guðunum’

Tækisfall er hvorki notað í þessari merkingu í pólsku eða rússnesku í dag (Grochowski, 1986; Borras og Christian, 1971; Forbes, 1964), en til að ná yfir þessa merkingu í úkraínsku þarf að nota forsetningu sem þýðir ‘með’ og stýrir tækisfalli á andlagi en sú samsetning er aðeins notuð til að koma samfylgdarmerkingunni til skila (Pugh og Press, 1999).

Önnur merking tækisfalls er hluti líkamans sem er ýmist snertur, líkt og í hittísku (Sturtevant, 1933), eða notaður til að framkvæma verknað og/eða bera eitthvað, líkt og í pólsku

og sanskrít (Grochowski, 1986; Whitney, 1931). Pólska setningin í dæmi (10) og sanskrítsetningin í dæmi (11) sýna þessa notkun.

(10) *Jan dotyka **reka** sufitu* ‘Jan snertir loftið með hendi’

(11) *kukkurah **skandheno** hyate* ‘hundur er borinn á öxlinni’

Tækisfall má einnig nota til að merkja leið eða farartæki. Í sanskrít (Whitney, 1931), rússnesku (Borras og Christian, 1971), pólsku (Grochowski, 1986) og úkraínsku (Pugh og Press, 1999) má nota tækisfall til að tákna leið sem er farin, t.d. veg eða stað sem farið er yfir. Þessi merking hefur í för með sér hreyfingu yfir, gegnum eða meðfram ákveðið svæði og sést í rússnesku setningunni í dæmi (12) (Borras og Christian, 1971). Í pólsku og rússnesku getur tækisfalli einnig verið úthlutað til farartækis og sú notkun sést í pólsku setningunni í dæmi (13) (Grochowski, 1986).

(12) *идт́и **пóлем** (idt́i **pólem**)* ‘að ganga yfir akurinn’

(13) *Jan jedzie **pociagiem*** ‘Jan fer með lestinni’

Í sanskrít, rússnesku, pólsku og úkraínsku er enn önnur notkun tækisfalls möguleg, til að tákna tíma (Whitney, 1931; Borras og Christian, 1971; Grochowski, 1986; Pugh og Press, 1999). Í sanskrít er það notað til að merkja þann tíma sem eitthvað tekur en í rússnesku, pólsku og úkraínsku er það notað til að tákna t.d. tíma dags eða árstíð. Í raun er þessi merking tækisfalls notuð sem tíðaratviksorð í tungumálunum þremur en með endingum sínum bera myndirnar enn merki um upprunalegt tækisfall (Borras og Christian, 1971). Í dæmi (14) sést tíðarmerkingin í sanskrít (Whitney, 1931) og dæmi (15) og (16) sýna notkunina í rússnesku (Forbes, 1964).

(14) *vidarbhān yātum icchāmy **ekāhnā*** ‘ég vil fara til Vidarbha á einum degi’

(15) *лѐтом (lѐtom)* ‘á sumrin’

(16) *вѐчером (vѐčerom)* ‘á kvöldin’

Í rússnesku er hægt að nota tækisfall á fjóra aðra vegu sem finnast ekki í eldri málum og eru því nýjungar. Hægt er að nota fallið til að tákna hlutverk, umfang, mismun og til að merkja ‘hvað varðar’ (Borras og Christian, 1971; Unbegaun, 1957; Forbes, 1964). Tækisfall í merkingu hlutverks er t.d. notað þegar sagt er frá starfi einhvers, þ.e. hvaða hlutverki hann gegnir og sést í setningunni í dæmi (17) (Unbegaun, 1957). Tækisfall er einnig notað til að

tákna umfang eða mál og sú notkun sést í dæmi (18) (Borras og Christian, 1971). Líkt og með tíðarnotkun í rússnesku varðveitir þessi mynd tækisfallsendingu en er í raun notuð sem háttaratviksorð (Forbes, 1964). Einnig má nota tækisfall til að tákna mismun, eins og sést í dæmi (19) (Forbes, 1964), þó einnig sé hægt að tákna hann á annan máta. Til að ná yfir merkinguna ‘hvað varðar’ er nafnorðið sem það varðar í tækisfalli en sú notkun sést í dæmi (20) (Forbes, 1964). Þar merkir рóstrom ‘stærð’, en eiginleg merking setningarinnar er ‘hvað varðar stærð er hann mjög hár’ (Forbes, 1964).

- (17) рабóтать **слécareм** (rabótat’ **slécareм**) ‘að vinna sem lásasmiður’
- (18) **глубинóй** (**glubinój**) ‘á dýptina’
- (19) я **гóдом** старше егó (ja **gódom** stárše egó) ‘ég er ári eldri en hann’
- (20) он óчень высóк **рóстром** (on óčen’ v’isók **róstrom**) ‘hann er mjög hávaxinn’

Ljóst er að notkun tækisfalls var og er mjög breytileg. Upprunaleg notkun þess er til að tákna áhald eða tæki en ýmiss konar yfirfærð merking hefur komið til út frá því og í nútímamálum eru tækisfallsmyndir stundum notaðar sem atviksorð. Tækisfall má nota til að tákna geranda í þolmyndarsetningum, á hvaða hátt verknaður er framinn og til samanburðar tveggja hluta. Þá mátti nota tækisfall í sanskrít til að tákna verð og algeng notkun tækisfalls var og er til að tákna fylgd. Einnig getur tækisfall merkt hluta líkamans sem annað hvort er snertur eða notaður til að framkvæma eitthvað, leið eða farartæki, og tækisfall getur einnig táknað tíma. Í rússnesku er fallið mjög frjótt og þar hefur ýmis ný merking tækisfalls sprottið upp, þ.e. tækisfall er notað til að merkja hlutverk, umfang, mismun og til að merkja ‘hvað varðar’. Af ofanverðri umfjöllun sést að meginnotkun tækisfalls er af merkingarlegum toga og getur haft margvíslega þýðingu. Það getur valdið því að fallið fari að blandast saman við önnur föll því notkunin er ekki afmörkuð auk þess sem hægt er að koma sömu merkingu til skila án þess að nota eitt ákveðið fall. Líklega er það ástæðan fyrir því að tækisfall hóf að falla saman við þágufall í germönskum tungumálum og hvarf að lokum, en um afdrif tækisfalls eftir málstig fornmálanna er fjallað í næsta kafla.

6. Þróun tækisfalls í germönskum málum

Í þessum kafla verður þróun tækisfalls í germönskum málum rakin. Fyrst verður staða tækisfalls í vesturgermönskum málum eftir málstig fornmálanna skoðuð og þróun þess tekin saman til að fá heildarmynd. Þá verður farið yfir notkun þágufalls og forsetningarliða í tækismerkingu, fyrst í vesturgermönskum nútímamálum og síðan norðurgermönskum.

6.1 Tækisfall í vesturgermönskum málum eftir málstig fornmálanna

Líkt og kom fram í 5. kafla féll tækisfall saman við þágufall í austur- og norðurgermönskum málum fyrir málstig fornmálanna og hætti þar með að vera til sem sérstök beygingarmynd (Wright, 1924; Krause, 1971; Nygaard, 1905). Fornu vesturgermönsku málin fornháþýska, fornsaxneska og fornenska varðveittu tækisfall sem þó hafði fallið saman við þágufall í ákveðnum orð- og beygingarflokkum. Á yngri málstígum þeirra varð frekari þróun til einföldunar en sama mynstur má rekja í málunum þremur.

Málstigið sem tók við af fornháþýsku kallast miðháþýska og er talið vera frá 1050 til 1350. Eftir það tók snemmnýháþýska við frá 1350 til 1650 og nýháþýska frá 1650 til dagsins í dag (Mettke, 1970). Í umfjöllun um miðháþýsku er stuðst við rit Paul (1904) og Mettke (1970). Staða tækisfalls í miðháþýsku var veikari en hún var í fornháþýsku þó fallið hafi ekki verið horfið að fullu. Í fornháþýsku var tækisfall varðveitt í beygingu nafnorða, lýsingarorða, töluorðsins *ein* ‘einn’ og nokkrum flokkum fornafna, eignarfornafna, ábendingarfornafna og spurnarfornafna.

Í miðháþýsku hafði fallið runnið saman við þágufall í öllum orðflokkum nema tveimur flokkum fornafna, ákveðnum greini og spurnarfornöfnum. Fornháþýska ábendingarfornafnið *dër* varð í miðháþýsku að ákveðnum greini og varðveitti tækisfall í beygingu sinni. Samsetta ábendingarfornafnið *dëse* tók yfir hlutverk hins eiginlega ábendingarfornafns og varðveitti ekki tækisfall. Tækisfallsmynd miðháþýska ákveðna greinisins *dër*, *diu*, var einungis til í hvorugkyni eintölu og kom aðeins fram á eftir forsetningum, t.d. *von diu* og *ze diu* ‘frá því’. Tafla 6.1 í viðauka sýnir beygingu ákveðna greinisins (Paul, 1904: 69). Spurnarfornafnið *wër* ‘hver’ var einungis til í karlkyni og hvorugkyni en tækisfall var aðeins varðveitt í hvorugkyni og hafði þá myndina *wiu*. Líkt og í tilfelli ákveðna greinisins kom það aðeins fram á eftir forsetningum, t.d. *ze wiu* ‘hverju, hvernig’ sem gjarnan féll saman í *zwiu*. Tafla 6.2 í viðauka sýnir eintölubeygingu spurnarfornafnsins, en það hafði enga fleirtölubeygingu (Paul, 1904: 69).

Í nýháþýsku eða nútímaþýsku, frá árinu 1650 til dagsins í dag, er tækisfall horfið að öllu leyti úr fallakerfinu og hefur fallið saman við þágufall (Paul, 1968a). Tækisfallsmynd

miðháþýska ákveðna greinisins, *diu*, rann saman við eignarfallsmynd greinisins sem saman urðu að *deste*. Seinna varð sú mynd að *desto* og er notuð í dag í samanburðarmerkingu, t.d. í setningunni *je eher, desto besser* ‘því fyrr, því betra’ (Paul, 1968a).

Fornsaxneska, sem einnig varðveitti tækisfall, þróaðist yfir í miðhollensku sem töluð var eftir 12. öld (Schönfeld, 1924). Fornsaxneska varðveitti tækisfall í beygingu nafnorða, lýsingarorða, töluorðsins *ēn* ‘einn’ og nokkurra undirflokka fornafna. Í miðhollensku sjást engin merki um tækisfall og þar var því ekki sami breytileiki á fallakerfinu og áður var. Fallið rann saman við þágufall að öllu leyti og föllin urðu fjögur talsins í bæði eintölu og fleirtölu (Schönfeld, 1924).

Miðenska tók við af fornensku og var töluð á árunum 1100 til 1500, en á því málstigi mátti enn sjá tækisfall (Wright og Wright, 1934). Fornenska varðveitti fallið í beygingu lýsingarorða, töluorðsins *ān* ‘einn’ og í beygingu sömu fornafna og í fornháþýsku, eignarfornafna, ábendingarfornafna og spurnarfornafna. Hér er stuðst við umfjöllun Wright og Wright (1934) um miðensku þar sem fram kemur að tækisfall hafi aðeins verið varðveitt í hvorugkynsbeygingu ábendingarfornafna og spurnarfornafna.

Ábendingarfornöfn voru notuð sem eiginleg ábendingarfornöfn en höfðu einnig tekið upp notkun ákveðins greinis. Ábendingarfornafnið *sē*, sem í tækisfalli hvorugkyns var *þȳ* eða *þon*, var notað fram á miðja 13. öld í myndinni *þȳ* og í samsetningunni *forþī* ‘þess vegna’ til loka 14. aldar. Það mátti einnig nota í samanburðarmerkingu sem sést í fornenska dæminu *þȳ mā* ‘því meira’, en þessi notkun er varðveitt í nútímaensku, t.d. í fasta orðasambandinu *the more, the merrier* ‘því fleiri, því betra’ (Lass, 1994). Veikluð mynd ábendingarfornafnsins í tækisfalli var *þe* og lifir enn í nútímaensku sem ákveðni greinirinn *the*. Tækisfallsmyndin *þon* var einungis notuð í samsetningunni *forþon* ‘þess vegna’ og hún lifði til miðrar 15. aldar í flestum mállýskum miðensku. Tafla 6.3 í viðauka sýnir eintölubeygingu ábendingarfornafnsins *sē*, en fleirtölubeyging fornafnsins var sú sama í öllum kynjum auk þess sem tækisfall var ekki varðveitt þar (Wright og Wright, 1934: 166). Samsetta ábendingarfornafnið *þēs*, sem tók ekki upp notkun ákveðins greinis, hafði tækisfallsmyndina *þȳs* eða *þīs* í hvorugkyni en aðeins einstaka dæmi finnast um hana í miðensku. Tafla 6.4 í viðauka sýnir eintölubeygingu fornafnsins, en líkt og með beygingu *sē* höfðu öll kyn sömu beygingu í fleirtölu auk þess sem tækisfall var ekki varðveitt þar (Wright og Wright, 1934: 169).

Spurnarfornafnið *hwā* ‘hvað’ hafði tækisfallsmynd í hvorugkyni eintölu, *hwȳ* eða *hwī*, og sú mynd er varðveitt í nútímaensku, *why*. Tafla 6.5 í viðauka sýnir eintölubeygingu spurnarfornafnsins en það hafði enga fleirtölubeygingu (Wright og Wright, 1934: 173). Fyrir

utan stirðnuðu orðmyndirnar *þe* og *hwý*, sem lifað hafa til dagsins í dag hvarf tækisfall úr ensku eftir að miðenska málstiginu lauk.

Staða tækisfalls varð veikari í vesturgermönskum málum eftir málstig fornmálanna, en miðháþýska og miðenska varðveittu tækisfall í beygingu fornafna þó notkun þess hafi verið takmörkuð. Í miðháþýsku kom það aðeins fram á eftir forsetningum og í miðensku var það að mestu leyti varðveitt í samsettum orðum. Miðhollenska varðveitti ekki tækisfall og það sama gerðist í nútímaþýsku og ensku, sem hvorugt hafa tækisfall. Leifar af tækisfalli sjást í þýsku samtengingunni *desto*, enska ákveðna greininum *the* og spurnarorðinu *why*.

6.2 Þróunarmynstur tækisfalls

Mynstrið sem rekja má í þróun tækisfalls í vesturgermönsku málunum er að það var varðveitt lengst í fornafnabeygingu og féll fyrir úr beygingu nafnorða en lýsingarorða. Nafnorð og lýsingarorð falla undir flokk inntaksorða, sem bera merkingu og geta bætt við sig nýjum orðum en fornöfn falla undir kerfisorð, sem gegna málfræðilegu hlutverki og bæta sjaldan við sig nýjum orðum (Höskuldur Þráinsson, 1990). Flokkur inntaksorða tekur því mun meiri breytingum en flokkur kerfisorða og því er ef til vill eðlilegt að tækisfall hafi horfið fyrir úr nafnorða- og lýsingarorðabeygingu því þau eru meira á reiki en fornöfnin. Auk þess eru fornöfn mun færri og hvert og eitt er því notað meira en hvert og eitt nafnorð eða lýsingarorð. Þessi tíða notkun viðheldur fallbeygingu orðanna og heldur þar af leiðandi í tækisfallið.

Auk þess að varðveita tækisfall í sömu orðflokkum eiga tungumálin það sameiginlegt að það fellur alltaf saman við þágufall. Eftir samfallið standa fjögur föll eftir, nefnifall, þolfall, þágufall og eignarfall og því er verðugt málefni að velta því fyrir sér af hverju tækisfall rennur ekki saman við eitthvert hinna fallanna. Nefnifall og þolfall falla undir formgerðarfall og úthlutun þess ræðst því af stöðu nafnliða í setningum, frumlagi er úthlutað nefnifalli og andlagi sagnar er úthlutað þolfalli (Faarlund, 2004). Þágufall og eignarfall falla hins vegar undir orðasafnsfall og úthlutun þess ræðst af ákveðnum orðasafnsþáttum auk þess sem þágufall og eignarfall eru tengd merkingu (Faarlund, 2004). Í grundvallarmerkingu er þágufall notað um þann sem athöfn er gerð fyrir, þann sem hlýtur gagn eða skaða af merkingu sagnarinnar (Faarlund, 2004; Jakob Jóh. Smári, 1920; Hanssen, Mundal og Skadberg, 1975). Þannig er þágufall notað með hreyfingarsögnum þegar merkingarhlutverk nafnorðsins er mark eða viðtakandi, t.d. *hún gaf honum blóm* (Jakob Jóh. Smári, 1920). Eignarfall er notað til að tákna eign, ýmisskonar samband eða frekari skýringu og er mikið notað við orðmyndun. Það getur

einnig táknað geranda, t.d. *ferð Ólafs konungs*, heild sem eitthvað er hluti af, t.d. *enginn þeirra*, og eiginleika eða eðli, t.d. *vera annars hugar* (Jakob Jóh. Smári, 1920).

Tengsl merkingar við orðasafnsfall eru mun nánari en tengsl hennar við formgerðarfall (Faarlund, 2004). Úthlutun þágufalls ræðst ekki af setningafræðilegri stöðu nafnliðarins, auk þess sem þágufall er eina fallið sem gegnir fyrst og fremst merkingarlegu hlutverki (Faarlund, 2004). Allt þetta veldur því að tækisfall á greiðan aðgang að þágufalli þar sem notkun tækisfalls er fyrst og fremst af merkingarlegum toga. Þágufall tekur því á móti föllum sem gegna merkingafræðilegu hlutverki en ekki setningafræðilegu, enda er þágufall mjög víðtækt fall í íslensku og hefur sótt í sig veðrið (Maling, 2002).

6.3 Tækisþágufall í vesturgermönskum nútímamálum

Líkt og áður hefur komið fram féll tækisfall saman við þágufall í öllum germönskum málum og úr varð fallakerfi með fjórum föllum, nefnifalli, þolfalli, þágufalli og eignarfalli. Af germönskum nútímamálum eru íslenska og þýska þau einu sem varðveita þágufall en í öðrum tungumálum varð frekara samfall sem leiddi til fallakerfa með einu, tveimur eða þremur föllum. Hin upprunalega tækisfallsmerking er því varðveitt í notkun þágufalls í íslensku og þýsku en í öðrum málum féll hún undir önnur föll. Í mörgum tungumálanna þarf forsetningarlið til að ná yfir merkingu tækisfalls en gjarnan eru tækisfallsmyndir varðveittar í þágufalli í föstum orðasamböndum og lifa þannig í dag sem tækisfall, þó uppruninn sé ekki alltaf augljós.

Af þeim þremur vesturgermönsku tungumálum sem varðveittu tækisfall á eldra málstigi hefur þýska flest föll: nefnifall, þolfall, þágufall og eignarfall (Paul, 1968b). Föllin fjögur hafa svipaða notkun og þau hafa í íslensku, þ.e. frumlögum er yfirleitt úthlutað nefnifalli og beinum andlögum þolfalli. Þágufalli er að mestu leyti úthlutað til óbeinna andlaga tveggja andlaga sagna og þá sérstaklega þegar um lifandi persónu er að ræða. Aðalnotkun eignarfalls er í fyrri hluta samsettra orða og til að tákna eign en því getur einnig verið úthlutað til andlaga lýsingarorða og sumra sagna (Paul, 1968b; Pittner og Berman, 2010).

Líklegt er að tækisfall hafi misst hluta upprunalegrar merkingar sinnar strax á málstigi fornháþýsku, þar sem staða fallsins var ekki jafn sterk og staða annarra falla. Þar sem fallið rann saman við þágufall er það notað til að ná yfir merkingu tækisfalls, en þá er forsetningin *mit* ‘með’ notuð ásamt þágufallsandlagi (Paul, 1968b). Sá forsetningarliður hefði á eldra málstigi aðeins verið einn nafnliður og honum verið úthlutað tækisfalli. Merkingin sem fæst með þessum forsetningarliði er annars vegar tæki eða áhald sem notað er til að fremja verknað, en dæmi um þá notkun sést í (1) (Paul, 1968b), og hins vegar samfylgd. Önnur upprunaleg

merking tækisfalls hefur glatast. Í eftirfarandi dæmi, sem og í öðrum dæmum í þessum undirkafla, er forsetningarliður eða orð í tækisfallsmerkingu feitiletrað.

(1) Jemanden **mit Steinen** werfen ‘kasta steinum í einhvern’

Í miðhollensku voru fjögur föll og tækisfall rann saman við þágufall (Schönfeld, 1924). Í nútímahollensku eru hins vegar engin föll en leifar af myndum fallanna eru varðveittar í ýmsum föstum orðasamböndum (Donaldson, 2008). Til að ná yfir merkingu tækisfallsins þarf því að nota forsetningarlið, en líkt og í öðrum tungumálum er forsetningin *met* ‘með’ sú algengasta (Oosterhoff, 2015).

Staða tækisfalls var veik þegar á málstigi miðensku og það féll úr málinu eftir þann tíma (Wright og Wright, 1934). Í nútímaensku er gerður greinarmunur á tveimur föllum í fallbeygingu nafnorða, almennu falli (e. common case) og eignarfalli, en í raun er eignarfall ekki sjálfstætt fall heldur aðeins orðmyndunarlegt fyrirbæri (Quirk, Greenbaum, Leech og Svartvik, 1985). Til að tákna tækisfall þarf því forsetningarlið og þar sem merking tækisfalls var fjölbreytt er hægt að nota margskonar forsetningar til að koma þeirri merkingu til skila. Algengasta forsetningin er *with* ‘með’ og getur táknað tæki, hátt eða fylgd, en aðrar forsetningar eru t.d. *like* ‘eins og’, *by* ‘með’ og *without* ‘án’ (Quirk, Greenbaum, Leech og Svartvik, 1985).

Í vesturgermönsku nútímamálunum þýsku, hollensku og ensku þarf forsetningarlið til að koma tækismerkingu til skila og tækisþágufall er því ekki notað sjálfstætt. Í þýsku eru þó notaðar forsetningar sem stýra þágufalli, en þær ná yfir tækis- og fylgdarmerkingu tækisfalls, en í ensku geta forsetningarliðirnir haft tækis-, háttar- eða fylgdarmerkingu.

6.4 Tækisþágufall í norðurgermönskum nútímamálum

Í norðurgermönskum nútímamálum er fjöldi falla mismunandi og þar af leiðandi er mismunandi hvort notast sé við sjálfstætt tækisþágufall eða forsetningarlið. Á málstigi frumnorrænu hefur tækisfallið að öllum líkindum þegar runnið saman við þágufall, en dæmi eru um notkun þágufalls í merkingu tækisfalls, t.d. á Björketorpsteininum með áletruninni í dæmi (2) (Krause, 1971). Þar merkir *ar^ageu* (sbr. ísl. *ergi*) ‘illska’ og stendur í þágufalli til að tákna af hverju eirðarleysið stafar, á sama hátt og tækisfall var og er notað í öðrum málum. Þágufall var einnig notað til að tákna geranda í þolmyndarsetningum, en sú notkun var og er

algeng í málum sem varðveita tækisfall. Setningin í dæmi (3) sýnir þá notkun tækisþágufalls, en þar eru *sölu* og *sakse* í tækisfalli til að tákna gerandann (Krause, 1971).

- (2) **ar^ageu** haer^amalauSR ‘eirðarlaus af illsku’
- (3) ni’s **sölu** söt(t) uk ni **sakse** stain(n) skorin(n) ‘ekki er hann af sólu sóttur og ekki með hnífi (er) steinninn skorinn’

Eftir frumnorrænt málstig skiptust norrænu málin í austur- og vesturnorræn og þar urðu frekari breytingar til einföldunar.

Í austurnorrænu nútímamálunum tveimur, sænsku og dönsku, eru aðeins tvö föll varðveitt í beygingu nafnorða, nefnifall og eignarfall, og því hafa nefnifall, þolfall og þágufall fallið saman. Í umfjöllun um sænsku er stuðst við rit Thorell (1973) og í umfjöllun um dönsku er stuðst við rit Christensen og Christensen (2014). Í beygingu sænskra og danskra fornafna eru þrjú föll varðveitt, frumlagsfall, andlagsfall og eignarfall, og þar hafa því þolfall og þágufall fallið saman. Líkt og í öðrum nútímamálum geta forsetningarliðir náð yfir merkingu gamla tækisfallsins og í flestum tilfellum er það forsetningin *med* ‘með’ sem notuð er í þeim tilgangi. Sú merking sést í sænsku setningunni í dæmi (4) og þeirri dönsku í dæmi (5). Báðar setningar falla undir tækismerkingu en í sænsku geta forsetningarliðir einnig haft háttarmerkingu, sem sést í setningunni í dæmi (6). Þar er forsetningarliðurinn notaður til að tákna á hvaða hátt hún spilar, án nótna.

- (4) Man kan se toppen **med blotta ögat** ‘maður getur séð toppinn með berum augum’
- (5) Han åbnede dåsen **med en kniv** ‘hann opnaði dósina með hníf’
- (6) Hon spilar **utan noter** ‘hún spilar án nótna’

Í bæði sænsku og dönsku þarf því forsetningarlið, sem getur aðeins stýrt nefnifalli á nafnorðum og andlagsfalli á fornöfnum, til að ná yfir merkingu upprunalegs tækisfalls.

Í tveimur vesturnorrænum málum, norsku og íslensku, er staða falla mjög mismunandi, en íslenska varðveitir fleiri föll en norska. Í ráðandi nútímamállýskum norsku, nýnorsku og bókmáli, eru engin föll varðveitt og aðeins er gerður greinarmunur á eintölu og fleirtölu og á ákveðinni og óákveðinni mynd (Faarlund, 1992; Torvik, 1979). Eina undantekningin er í beygingu persónufornafna, en í nýnorsku eru þar tvö föll, frumlagsfall og andlagsfall, í myndum fyrstu og annarrar persónu (Faarlund, 1992). Í bókmáli er auk þess þriðja fallið,

eignarfall, varðveitt í beygingu persónufornafna og á það við um fornöfn fyrstu, annarrar og þriðju persónu (Torvik, 1979). Að öðru leyti ræður orðaröð og samhengi því hvaða merking er dregin af setningu í norsku, en til að ná fram tækismerkingu er oftast notaður forsetningarliður. Algengustu forsetningarnar sem notaðar eru í þeim tilgangi eru *med* ‘með’, *etter* ‘eftir’, *for* ‘fyrir’, *i* ‘í’, *på* ‘á’, *av* ‘af’ og *uten* ‘án’. Þegar þær eru notaðar getur ýmist tækis- eða háttarmerking komið fram (Faarlund, Lie og Vannebo, 1997). Forsetningarliðurinn í dæmi (7) kemur tækismerkingu til skila, en dæmi (8) ber háttarmerkingu þar sem hann lýsir hvernig vinnan var unnin (Faarlund, Lie og Vannebo, 1997).

- (7) Hun pirket i maten **med gaffelen** ‘hún potaði í matinn með gafflinum’
- (8) Arbeidet ble utført **etter alle kunstens regler** ‘vinnan var unnin eftir kúnstarinnar reglu’

Í forníslensku sem og nútímaíslensku lifir tækisfall gegnum þágufall. Tækisþágufall má nota til að tákna tæki, hátt eða verð, og á það bæði við um forn- og nútímaíslensku (Nygaard, 1905; Faarlund, 2004; Jakob Jóh. Smári, 1920). Fallið getur birst á andlagi sagnar eða forsetningar en notkun forsetningarliða í nútímamáli sækir á á kostnað nafnliða, sem voru algengari í forníslensku (Nygaard, 1905; Jakob Jóh. Smári, 1920). Eiginleg tækismerking sést í setningunum í dæmum (9), (10), (11) og (12), sem eru úr fornu máli (Nygaard, 1905). Allar eru þær gjaldgengar í nútímamáli en líklega væru forsetningarliðir með forsetningunni *með* notaðir í setningunum í dæmum (9) og (11).

- (9) Hoggva **sverði**
- (10) Taka **hondum** á einhverjum
- (11) Berja **augum**
- (12) Spyrna **fœti**

Tækisþágufall er gjarnan varðveitt í nútímamáli í föstum orðasamböndum og dæmi um það sést í (10) og (11) að ofan og dæmi (13) að neðan (Nygaard, 1905). Þar er notast við háttarmerkingu en setningin í dæmi (14) sýnir notkun tækisþágufalls til að tákna verð (Jakob Jóh. Smári, 1920).

- (13) Leika **lausum hala**
- (14) Kaupa **dýru verði**

Líkt og kom fram að ofan var sjálfstætt tækisþágufall í frumnorrænu notað til að merkja tæki eða geranda í þolmyndarsetningum. Í sænsku, dönsku og norsku nútímans þarf að nota forsetningarlið til að tákna tækisfall, en hann getur verið í tækis- eða háttarmerkingu. Í forníslensku sem og nútímaíslensku er bæði hægt að tákna tækisfall með sjálfstæðu tækisþágufalli og forsetningarlið, en oftast er notast við forsetningarliði í nútímaíslensku. Merkingin sem kemst til skila með þessari tvenns konar notkun er tæki, áhald, háttur eða verð.

Þróun falla í germönskum tungumálum er skýr og stefnir í átt að einföldun. Tækisfall féll saman við þágufall á eldri málstigum og í öllum germönskum málum nema íslensku og þýsku féll þágufall saman við önnur föll svo ekki er lengur gerður greinarmunur á beygingu þolfalls og þágufalls eða jafnvel á beygingu nefnifalls, þolfalls og þágufalls. Þá getur tækisfall ekki lifað lengur gegnum notkun þágufalls og til að tákna tækisfallsmerkingu þarf að nota forsetningarlið, þar sem forsetningin stýrir jafnvel ekki þágufalli. Tækisfallsmerkingin er enn skýr þó ekki sé alltaf ljóst hver uppruninn sé.

7. Lokaorð

Í þessari ritgerð var leitast við að gera grein fyrir þróun tækisfalls í germönskum málum með áherslu á vesturgermönsk mál. Í því skyni voru beygingarflokkar germanskra mála skoðaðir ásamt fallakerfi þeirra og þar sást varðveisla tækisfalls í vesturgermönskum fornmálum. Á málstigi norðurgermanskra fornmála, forníslensku, fornnorsku, fornsænsku og forndönsku, auk austurgermanska málsins gotnesku, hafði tækisfall þegar fallið saman við þágufall. Því næst var einblínt á tækisfall í vesturgermönsku fornmálunum fornháþýsku, fornsaxnesku og fornensku; þar lifði það í eintölbeygingu nafnorða, lýsingarorða, eins töluorðs og þriggja fornafna, þó fornenska sýni aðeins leifar af því í beygingu nafnorða og tveggja fornafna. Á málstigi fornmála var því minna um samfall í beygingarkerfi vesturgermanskra mála, sem varðveittu indóevrópskt kerfi betur.

Til að gera grein fyrir tækisfalli í víðari skilningi var því næst fjallað um fallakerfi indóevrópsku frumtungunnar og varðveislu fallsins í ýmsum dótturmálum hennar. Talið er að í indóevrópsku hafi verið átta föll og tækisfall verið eitt þeirra, en að í flestum dótturmálum hafi orðið þróun í átt að einföldun og ýmiss konar samfall orðið. Tækisfall er varðveitt í minnihluta dótturmála nútímans en lifir góðu lífi í mörgum þeirra. Þá var merking og notkun tækisfalls rannsökuð til að gera grein fyrir tilgangi fallsins og varpa ljósi á ástæðu þess að það hvarf úr germönskum málum. Fallið getur haft margvíslega merkingu og mismunandi er eftir málum hver þeirra er varðveitt eða hvort ný merking hefur litið dagsins ljós. Upprunaleg notkun tækisfalls er til að tákna tæki eða áhald sem notað er til að fremja verknað en ýmis konar merking hefur verið leidd af henni.

Eftir umfjöllun um tækisfall var fjallað um afdrif þess í germönskum málum eftir málstig fornmálanna, en það var varðveitt að nokkru leyti í miðháþýsku og miðensku. Í öðrum málum hafði það þegar fallið saman við þágufall og það sama gerðist í þýsku og ensku. Fallið var varðveitt lengst í beygingu fornafna, enda tilheyra þau lokuðum flokki kerfisorða sem tekur minni breytingum en flokkur inntaksorða, sem nafnorð og lýsingarorð tilheyra. Í öllum tilvikum féll fallið saman við þágufall, enda er þágufall eina fallið sem gegnir fyrst og fremst merkingarlegu hlutverki, líkt og tækisfall gerði. Þá var notkun tækisþágufalls skoðuð, en að mestu leyti hafa forsetningarliðir komið í stað tækisfalls. Það á við um öll germönsk mál nema íslensku, sem enn getur notast við tækisþágufall til að koma tækismerkingu til skila.

Þegar litið er á aldur einstakra germanskra tungumála er athyglisvert að tækisfall hafi verið varðveitt svo lengi í vesturgermönskum málum miðað við norður- og austurgermönsk mál. Af umfjölluninni sést að varðveisla falla getur verið mismunandi milli tungumála og aldur

Þeirra segir ekki alla söguna um fjölda falla. Þó er þróun tækisfalls í germönskum málum skýr og fylgir svipuðum línunum innan vesturgermanskra tungumála. Þá sést að tungumálið er lifandi fyrirbæri og því eðlilegt að það taki breytingum þó oft sé amast við þeim.

Heimildaskrá

- Adrados, F., Bernabé, A. og Mendoza, J. (2010). *Manual of Indo-European linguistics* (Fyrsta bindi, bls. 34-61). Leuven: Peeters.
- Adrados, F., Bernabé, A. og Mendoza, J. (2016). *Manual of Indo-European linguistics* (Annað bindi, bls. 52-63, 112-157). Leuven: Peeters.
- Aitzetmüller, R. (1991). *Altbulgarische Grammatik als Einführung in die Slavische Sprachwissenschaft* (2. útgáfa, bls. 67-68). Freiburg: U. W. Weiher.
- Ambrazas, V. (ritstjóri). (1997). *Lithuanian grammar* (bls. 106). Vilnius: Baltos lankos.
- Borras, F. M. og Christian, R. F. (1971). *Russian syntax: Aspects of modern russian syntax and vocabulary* (2. útgáfa, bls. 38-49). Oxford: Clarendon Press.
- Braune, W. (2004). *Althochdeutsche Grammatik I: Laut- und Formenlehre* (Fyrsta bindi, 15. útgáfa, bls. 181-217). Tübingen: Max Niemeyer.
- Brugmann, K. (1911). *Vergleichende Laut-, Stammbildungs- und Flexionslehre der Indogermanischen Sprachen* (Annað bindi, bls. 109-267). Strassburg: Karl J. Trübner.
- Campbell, A. (1959). *Old English grammar* (bls. 222-260). Oxford: Oxford University Press.
- Christensen, L. H. og Christensen, R. Z. (2014). *Dansk grammatik* (3. útgáfa, bls. 68-97, 193). Odense: Syddansk Universitetsforlag.
- Donaldson, B. (2008). *Dutch: A comprehensive grammar* (2. útgáfa, bls. 23-24). London: Routledge.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2013). *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku* (bls. 148-149). Sótt af <https://issuu.com/eirikurr/docs/hoi>
- Elwell-Sutton, L. P. (1952). *Colloquial Persian* (bls. 9). London: Routledge.
- Faarlund, J. T. (1992). *Norsk syntaks i funksjonelt perspektiv* (bls. 29-30). Oslo: Universitetsforlaget.
- Faarlund, J. T. (2004). *The syntax of Old Norse* (bls. 16-35). Oxford: Oxford University Press.
- Faarlund, J. T., Lie, S. og Vannebo, K. I. (1997). *Norsk referansegrammatikk* (bls. 435-438). Oslo: Universitetsforlaget.
- Forbes, N. (1964). *Russian grammar* (3. útgáfa, bls. 208-215). Oxford: Clarendon Press.
- Fortson, B. W. (2004). *Indo-European language and culture: An introduction* (bls. 102-134, 154-399). Malden: Blackwell Publishing.
- Gallée, J. H. (1910). *Altsächsische Grammatik* (2. útgáfa, bls. 195-220). Halle: Max Niemeyer.

- Goodwin, W. W. (1958). *Greek grammar* (bls. 38-39, 248-250). Boston: Ginn and Company.
- Greaves, E. (1921). *Hindi grammar* (bls. 52-57). Allahabad: The Indian Press.
- Grochowski, M. (1986). The instrumental of instrument in Polish. Í Brecht, R. D. og Levine, J. S. (ritstjórar), *Case in Slavic* (bls. 427-436). Columbus: Slavica Publishers.
- Hale, W. G. og Buck, C. D. (1994). *A Latin grammar* (bls. 29). Tuscaloosa: The University of Alabama Press.
- Hanssen, E., Mundal, E. og Skadberg, K. (1975). *Norrøn grammatikk: Lydlære, formlære og syntaks i historisk framstilling* (bls. 120-129). Oslo: Universitetsforlaget.
- Heim, M. (1982). *Contemporary Czech* (bls. 19). Columbus: Slavica Publishers.
- Heusler, A. (1921). *Altisländisches Elementarbuch* (2. útgáfa, bls. 63-91). Heidelberg: Carl Winter.
- van den Hout, T. (2011). *The elements of Hittite* (bls. 1-17). Cambridge: University Press.
- Hudson-Williams, T. (1936). *A short grammar of Old Persian: With a reader accompanied by a word-for-word translation, notes and vocabulary* (bls. 7). Cardiff: The University of Wales Press Board.
- Höskuldur Þráinsson. (1990). *Setningafræði: Kennslubók handa nemendum á háskólastigi og öðrum þeim sem yndi hafa af setningafræði* (Fyrsta bindi, 5. útgáfa, bls. 54-55). Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Iversen, R. (1973). *Norrøn grammatikk* (bls. 1-2). Oslo: Aschehoug.
- Jakob Jóh. Smári. (1920). *Íslensk setningafræði* (bls. 99-126). Reykjavík: Acta.
- Jensen, H. (1959). *Altarmenische Grammatik* (bls. 48). Heidelberg: Carl Winter.
- Kalnača, A. (2014). *A typological perspective on Latvian grammar* (bls. 30). Sótt af <https://www.degruyter.com/view/product/449849>
- Krahe, H. (1969). *Germanische Sprachwissenschaft* (Annað bindi, bls. 9-88). Berlin: Walter de Gruyter.
- Krause, W. (1966). *Die Runeninschriften im älteren Futhark* (bls. 313-318). Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht.
- Krause, W. (1971). *Die Sprache der urnordischen Runeninschriften* (bls. 115-132). Heidelberg: Carl Winter.
- Krause, W. og Thomas, W. (1960). *Tocharisches Elementarbuch* (Fyrsta bindi, bls. 78-91). Heidelberg: Carl Winter.
- Kristinn Ármannsson. (2009). *Latnesk málfræði* (5. útgáfa, bls. 17-18). Reykjavík: Mál og menning.

- Lass, R. (1994). *Old English: A historical linguistic companion* (bls. 142-145). Cambridge: Cambridge University Press.
- Leafgren, J. (2011). *A concise Bulgarian grammar* (bls. 39). Sótt af http://www.seelrc.org:8080/grammar/pdf/stand_alone_bulgarian.pdf
- Lewis, H. og Pedersen, H. (1937). *A concise comparative Celtic grammar* (161-165). Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht.
- Maling, J. (2002). Það rignir þágufalli á Íslandi: Verbs with dative objects in Icelandic. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 24(1), 31-105. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=345557&pageId=5413828&lang=is&q=%EDslenskt%20m%E11
- Mann, S. E. (1932). *A short Albanian grammar* (bls. 45). London: David Nutt.
- Mettke, H. (1970). *Mittelhochdeutsche Grammatik: Laut- und Formenlehre* (3. útgáfa, bls. 138-179). Leipzig: Bibliographisches Institut.
- Noreen, A. (1884). *Altisländische und Altnorwegische Grammatik: Unter Berücksichtigung des Urnordischen* (bls. 107-154). Sótt af <https://archive.org/details/altnordischegra00unkngoog>
- Noreen, A. (1904). *Altschwedische Grammatik: Mit Einschluss des Altgutnischen* (bls. 1-2, 280-416). Sótt af <https://archive.org/details/altschwedischegr00noreuoft>
- Nygaard, M. (1905). *Norrøn syntax* (bls. 98-121). Kristiania: H. Aschehoug.
- Oosterhoff, J. (2015). *Modern Dutch grammar: A practical guide* (bls. 52-57). London: Routledge.
- Paul, H. (1904). *Mittelhochdeutsche Grammatik* (6. útgáfa, bls. 54-70, 124). Halle: Max Niemeyer.
- Paul, H. (1968a). *Deutsche Grammatik* (Annað bindi, bls. 170-184). Tübingen: Max Niemeyer.
- Paul, H. (1968b). *Deutsche Grammatik* (Þriðja bindi, bls. 215-418). Tübingen: Max Niemeyer.
- Pisowicz, A. (2013, 16. ágúst). Armenian language. Sótt af <https://www.britannica.com/topic/Armenian-language>
- Pittner, K. og Berman, J. (2010). *Deutsche Syntax* (4. útgáfa, bls. 35-37). Tübingen: Narr.
- Prokosch, E. (1939). *A comparative Germanic grammar* (bls. 225-292). Baltimore: The Waverly Press.
- Pugh, S. M. og Press, I. (1999). *Ukrainian: A comprehensive grammar* (bls. 57-59). London: Routledge.


- Quirk, R., Greenbaum, S., Leech, G. og Svartvik, J. (1985). *A comprehensive grammar of the English language* (bls. 318-339, 698-702). London: Longman.
- Schmitt, R. (2000). *Die Iranischen Sprachen in Geschichte und Gegenwart* (bls. 21-42). Wiesbaden: Reichert.
- Schönfeld, M. (1924). *Historiese Grammatika van het Nederlands: Schets van de Klankleer, Vormleer en Woordvorming* (bls. 86-117). Zutphen: W. J. Thieme.
- Spencer, A. (2005). Case in Hindi. Í Butt, M. og King, T. H. (ritstjórar), *Proceedings of the LFG 05 conference* (bls. 429-446). Sótt af <https://web.stanford.edu/group/cslipublications/cslipublications/LFG/10/pdfs/lfg05spencer.pdf>
- Stang, C. S. (1966). *Vergleichende Grammatik der Baltischen Sprachen* (bls. 175-178). Oslo: Universitetsforlaget.
- Steller, W. (1928). *Abriss der Altfriesischen Grammatik: Mit Berücksichtigung der westgermanischen Dialecte des Altenglischen, Altsächsischen und Althochdeutschen* (bls. 36-56). Halle: Max Niemeyer.
- Sturtevant, E. H. (1933). *A comparative grammar of the Hittite language* (bls. 166-175). Philadelphia: The Waverly Press.
- Szemerényi, O. J. L. (1996). *Introduction to Indo-European linguistics* (bls. 155-229). New York: Oxford University Press.
- Thorell, O. (1973). *Svensk grammatik* (bls. 45-49, 75-99, 170-182). Stokkhólmur: Kungliga Boktryckeriet.
- Torvik, A. (1979). *Norsklære: Grammatikk, bokmål og nynorsk* (2. útgáfa, bls. 26-50). Skien: Universitetsforlaget.
- Unbegaun, B. O. (1957). *Russian grammar* (bls. 30, 160-162). Oxford: Clarendon Press.
- Whitney, W. D. (1931). *Sanskrit grammar* (bls. 88-102). Cambridge: Harvard University Press.
- Woodard, R. D. (2008). *The ancient languages of Asia Minor* (bls. 15-16, 46-47, 51-53, 56-57, 60-61, 64-67). Cambridge: Cambridge University Press.
- Wright, J. (1924). *Grammar of the Gothic language* (bls. 84-103). Oxford: Oxford University Press.
- Wright, J. og Wright, E. M. (1934). *An elementary Middle English grammar* (2. útgáfa, bls. 133-174). London: Oxford University Press.

Viðauki

Hér er að finna allar töflur og myndir sem nefndar eru í ritgerðinni.

2. Fallakerfi germanskra tungumála

Mynd 1. Germanska málafjölskyldan:



Tafla 2.1. Germanskir sérhljóðastofnar ásamt dæmum úr fornmálum um hvern stofn:

	karlkynsorð	hvorugkynsorð	kvenkynsorð
hreinir a-stofnar	gotn. dags 'dagur'	fhp. barn 'barn'	
ja-stofnar	fsax. hirdi 'hirðir'	norr. kyn	
wa-stofnar	fe. snāw 'snjór'	norr. hōgg 'högg'	
hreinir ō-stofnar			fhp. geba 'gjöf'
jō-stofnar			gotn. bandi 'band'
wō-stofnar			fe. sinu 'sin'
i-stofnar	fe. giest 'gestur'	fhp. meri 'sjór'	norr. nauþr 'nauð'
u-stofnar	gotn. sunus 'sonur'	fs. fehu 'fé'	fe. hond 'hönd'

Tafla 2.2. Germanskir samhljóðastofnar ásamt dæmum úr fornmálum um hvern stofn:

	karlkynsorð	hvorugkynsorð	kvenkynsorð
n-stofnar	norr. hane 'hani'	fhþ. ouga 'auga'	fe. tunge 'tunga'
-in-stofnar			gotn. managei 'mergð'
r-stofnar	gotn. fadar 'faðir'		fs. mōdar 'móðir'
s-stofnar		fe. lemb 'lamb'	
rótarstofnar	gotn. manna 'maður'		norr. mörk 'mörk'
nt-stofnar	gotn. frijōnds 'vinur'		

Tafla 2.3. Sterk beyging lýsingarorða í germönskum fornmálum:

		gotneska	norræna	fornenska	fornsaxneska	fornháþýska
kk.	nf.	blinds	spakr	gōd	blind	blint
	þf.	blindana	spakan	gōdne	blindan	blintan
	þgf.	blindamma	spōkom	gōdum	blindum	blintemu
	tækisfall	–	–	gōde	blindu	blintu
	ef.	blindis	spaks	gōdes	blindes	blintes
hk.	nf.	blind	spakt	gōd	blind	blint
	þf.	blindana	spakan	gōdne	blindan	blintan
	þgf.	blindamma	spōko	gōdum	blindum	blintemu
	tækisfall	–	–	gōde	blindu	blintu
	ef.	blindis	spaks	gōdes	blindes	blintes
kvk.	nf.	blinda	spōk	gōd	blind	blint
	þf.	blinda	spaka	gōde	blindan	blinta
	þgf.	blindai	spakre	gōdre	blinderu	blinteru
	ef.	blindaizōs	spakrar	gōdre	blindera	blintera

Tafla 2.4. Beyging persónuformafna fyrstu persónu í germönskum formmálum:

		gotneska	norræna	fornenska	fornsaxneska	fornháþýska
et.	nf.	ik	ek	ic	ik	ih
	þf.	mik	mik	mec	mik	mih
	þgf.	mis	mēr	mě	mī	mir
	ef.	meina	mīn	mīn	mīn	mīn
tt.	nf.	wit	vit	wit	wit	–
	þf./þgf.	ugkis	okr	unc	unk	–
	ef.	–	okkar	uncer	unkero	unkēr
ft.	nf.	weis	vēr	wě	wī	wir
	þf.	uns, unsis	oss	ūsic, ūs	ūs	unsih
	þgf.	uns, unsis	oss	ūs	ūs	uns
	ef.	unsara	vār	ūre, ūser	ūser	unsēr

Tafla 2.5. Eintölubeyging töluorðsins *tveir* í karlkyni germanskra formmála:

		gotneska	norræna	fornenska	fornsaxneska	fornháþýska
et.	nf.	twai	tveir	twēgen	twēne	zwēne
	þf.	twans	tvā	twēgen	twēne	zwēne
	þgf.	twaim	tveim(r)	tvāem, twām	twēm	zweim
	ef.	twaddjē	tveggia	twēg(e)a	tweio	zweio

Tafla 2.6. Beyging orðsins *dagur* í germönskum fornmálum:

		gotneska	frumnorræna	fornenska	fornsaxneska	fornháþýska
et.	nefnifall	dags	dagr	dæg	dag	tag
	ávarpsfall	dag	–	–	–	–
	þolfall	dag	dag	dæg	dag	tag
	þágufall	daga	dege	dæge	dage	tage
	tækisfall	–	–	dæge	dagu	tagu
	eignarfall	dagis	dags	dæges	dages	tages
ft.	nefnifall	dagōs	dagar	dagas	dagos	taga
	ávarpsfall	–	–	–	–	–
	þolfall	dagans	daga	dagas	dagos	taga
	þágufall	dagam	dōgom	dagum	dagum	tagum
	tækisfall	–	–	–	–	–
	eignarfall	dagē	daga	daga	dago	tago

3. Tækisfall í germönskum málum

3.1 Fornháþýska

Tafla 3.1. Eintölubeyging fornháþýskra nafnorða af a-, ja-, i- og u-stofni:

		a-stofn	ja-stofn	i-stofn	u-stofn
		kk. tag	hk. kunni	kk. gast	kk. situ
et.	nf.	tag	kunni	gast	situ
	þf.	tag	kunni	gast	situ
	þgf.	tage	kunnie	gaste	site
	tækisfall	tagu, -o	kunniu	gastiu	sitiu, situ
	ef.	tages	kunnes	gastes	sites

Tafla 3.2. Sterk beyging fornháþýska lýsingarorðsins *blint* í eintölu:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	blint	blint	blint
	þf.	blintan	blint	blinta
	þgf.	blintemu, -emo	blintemu, -emo	blinteru, -ero
	tækisfall	blintu, -o	blintu, -o	–
	ef.	blintes	blintes	blintera

Tafla 3.3. Eintölubeyging fornháþýska ábendingarfornafnsins *dër*:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	dër	daʒ	diu
	þf.	dën	daʒ	dea, dia
	þgf.	dëmu, dëmo	dëmu, dëmo	dëru, -o
	tækisfall	diu	diu	–
	ef.	dës	dës	dëra

Tafla 3.4. Eintölubeyging fornháþýska samsetta ábendingarfornafnsins *dëse*:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	dëse, dësër	diz	dësiu, disiu
	þf.	dësan	diz	dësa
	þgf.	dësemu, -o	dësemu, -o	dëseru
	tækisfall	–	dësiu, dësu	–
	ef.	dësses	dësses	dësera

3.2 Fornsaxneska

Tafla 3.5. Eintölubeyging fornsaxneskra nafnorða af a-, ja- og i-stofni:

		a-stofn	ja-stofn	i-stofn
		hk. word	kk. hirði	kvk. anst
et.	nf.	word	hirði, -e	anst
	þf.	word	hirði, -e	anst
	þgf.	worde, -a	hirdie, -ea, -ia	ansti, -e, -iu
	tækisfall	wordu	hirdiu, -ie	anstu, -o
	ef.	wordes, -as	hirdies, -eas, -es	ansti, -es, -ies, -eas

Tafla 3.6. Sterk beyging fornsaxneska lýsingarorðsins *gōd* í eintölu:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	gōd	gōd	gōd
	þf.	gōdan	gōd	gōda
	þgf.	gōdumu, -um	gōdumu, -um	gōdaro, -aru, -ara
	tækisfall	gōdu	gōdu	–
	ef.	gōdes, -as	gōdes, -as	gōdara

Tafla 3.7. Eintölubeyging fornsaxneska ábendingarfornafnsins *the*:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	thē, thie	that	thiu
	þf.	thena, thana	thena, thana	thia, thea
	þgf.	themu, -mo	themu, -mo	theru, -o
	tækisfall	thiu	thiu	thia, thea
	ef.	thes, thas	thes, thas	thera, -o

3.3 Fornenska

Tafla 3.8. Sterk beyging fornenska lýsingarorðsins *gearu* í eintölu:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	gearu	gearu	gearu
	þf.	gearone	gearu	gearwe
	þgf.	gearwum	gearwum	gearore
	tækisfall	gearwe	gearwe	–
	ef.	gearwes	gearwes	gearwe

Tafla 3.9. Eintölubeyging fornenska ábendingarfornafnsins *se*:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	se	þæt	sēo
	þf.	þone	þæt	þā
	þgf.	þæm, þām	þæm, þām	þære
	tækisfall	þon, þȳ	þon, þȳ	–
	ef.	þæs	þæs	þære

Tafla 3.10. Eintölubeyging fornenska spurnarfornafnsins *hwa*:

		kk./kvk.	hk.
et.	nf.	hwa	hwæt
	þf.	hwone	hwæt
	þgf.	hwæm, hwām	hwæm, hwām
	tækisfall	hwȳ	hwȳ
	ef.	hwæs	hwæs

3.4 Samanburður

Tafla 3.11. Beygingar- og fornafnaflokkar vesturgermanskra formála sem varðveita tækisfall:

	fornháþýska	fornsaxneska	fornenska
no.	a-, ja-, i-, u-, s-	a-, ja-, i-	
lo.	a-, ja-	a-, ja-	a-, ja-, wa, i-, u-
to.	<i>ein</i> ‘einn’	<i>ēn</i> ‘einn’	<i>ān</i> ‘einn’
fn.	eignarfn., ábendingarfn., spurnarfn.	eignarfn., ábendingarfn., spurnarfn.	eignarfn., ábendingarfn., spurnarfn.

4. Indóevrópska málafjölskyldan


4.1 Indóevrópskt fallakerfi

Tafla 4.1. Beyging orðsins *úlfur* í indóevrópskum dótturmálum:


		Sanskrit	Latína	litháíska	gotneska
eintala	nefnifall	vṛkas	lupus	vilkas	wulfs
	ávarpsfall	vṛka	lupe	vilke	wulf
	þolfall	vṛkam	lupum	vilka	wulf
	þágufall	vṛkāya	lupō	vilku	–
	tækisfall	vṛkā	–	vilku	wulfa
	eignarfall	vṛkasya	lupī	–	wulfis
	sviptifall	vṛkād	lupō	vilko	–
	staðarfall	vṛkē	–	vilke	wulfa?
tvítala	nefnifall	vṛkā	–	vilku	–
	þágufall/sviptifall	vṛkābhyām	–	vilkam	–
	eignarfall/staðarfall	vṛkayōs	–	–	–
fleirtala	nefnifall	vṛkās	lupī	vilkai	wulfōs
	þolfall	vṛkān	lupōs	vilkus	wulfans
	þágufall/sviptifall	vṛkēbhyas	–	vilkams	wulfam
	tækisfall	vṛkais	lupīs	vilkais	–
	eignarfall	vṛkānām	lupōrum	vilka	wulfē
	staðarfall	vṛkēṣu	lupīs	vilkuose	–

4.2 Tækisfall í indóevrópskum málum

Mynd 2. Indóevrópsk centummál:



Mynd 3. Indóevrópsk satemmál:



6. Þróun tækisfalls í germönskum málum

6.1 Tækisfall í germönskum mið- og nútímamálum

Tafla 6.1. Eintölubeyging miðháþýska ákveðna greinisins *dēr*:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	dēr	daz	diu
	þf.	dēn	daz	die
	þgf.	dēm(e)	dēm(e)	dēr(e)
	tækisfall	–	diu	–
	ef.	dēs	dēs	dēr(e)
ft.	nf.	die	diu	die
	þf.	die	diu	die
	þgf.	dēn	dēn	dēn
	ef.	dēr(e)	dēr(e)	dēr(e)

Tafla 6.2. Eintölubeyging miðháþýska spurnarfornafnsins *wēr*:

		kk.	hk.
et.	nf.	wēr	waz
	þf.	wēn	was
	þgf.	wēm(e)	wēm(e)
	tækisfall	–	wiu
	ef.	wēs	wēs

Tafla 6.3. Eintölubeyging miðenska ábendingarfornafnsins *sē*:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	sē	þæt	sīo, sēo
	þf.	þone	þæt	þā
	þgf.	þæm, þām	þæm, þām	þære
	tækisfall	–	þȳ, þon	–
	ef.	þæs	þæs	þære

Tafla 6.4. Eintölubeyging miðenska ábendingarfornafnsins *þēs*:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	þēs	þis	þīos, þēos
	þf.	þisne	þis	þās
	þgf.	þis(s)um	þis(s)um	þisse
	tækisfall	–	þýs, þīs	–
	ef.	þis(s)es	þis(s)es	þisse

Tafla 6.5. Eintölubeyging miðenska spurnarfornafnsins *hwā*:

		kk.	hk.	kvk.
et.	nf.	hwā	hwæt	hwā
	þf.	hwone	hwæt	hwone
	þgf.	hwæm, hwām	hwæm, hwām	hwæm, hwām
	tækisfall	–	hwý, hwī	–
	ef.	hwæs	hwæs	hwæs